

SKÓLAVARÐAN

1. tbl. 13. árg. 2013



Fræðslufundir forystumanna KÍ 2013

Framhaldsskólanemar og fémínismi

Sigurbjörg á Kópasteini


Konungur ljónanna

Heimanám

Nótan



KENNASAMBAND
ÍSLANDS



LÆRUM og LEIKUM

með hljóðin

Fyrir allar barnafjölskyldur!
Frábært íslenskt framburðarefni!



Höfundur: Bryndís Guðmundsdóttir
talmeinafræðingur

Byggir á
áratuga reynslu
talmeinafræðings

Frábærar bækur fyrir fagfólk og allar
barnafjölskyldur, foreldra, afa og ömmur
sem vilja undirbúa rétta hljóðmyndun
og lestur með börnum sínum



VIÐURKENNING 2011

DVD hreyfi-
myndband!



Máni og Maja í flutningi *Felix Bergssonar* og *Védísar Hervarar Árnadóttur* leiða áhorfandann inn í lifandi heim hljóðanna. Frumsamin tónlist.

Líflegar og skemmtilegar teikningar:
Búi Kristjánsson
og *Halla Sólveig Þorgeirsdóttir*

Borðspil
fylgja
öskjunum!



Límmiðar!



Borðmottur
fyrir föndrið og
sem hljóðaspil í
lestrarnáminu!



Upplýsingar og pantanir:
laerumogleikum@gmail.com,
www.laerumogleikum.is og á facebook



Guðlaug Guðmundsdóttir

Skólavarðan á erindi við alla

Skólavarðan kemur nú út um líkt leyti og þjóðin gengur til Alþingiskosninga. Kosningabaráttan hefur verið heldur ruglingsleg að mati margra og einkennst af skringilegum upptökum sem hafa dreift athygli fólks frá kjarna málsins; kosningamálunum. Því úrlausnarefnin eru mörg og brýn eftir einhvern versta efnahagskafla Íslandssögunnar frá því eftir seinni heimstyrjöld.

Hagræðing í skólum á góðæristímunum fyrir hrun gekk nærri skólastarfi og því var af litlu at taka þegar efnahagshrunið varð. En eigi að síður voru fjármunir til skóla á öllum skólastigum skornir miskunnarlaust niður. Afleiðing þess er komin í ljós og nú kreppir skólinn.

Fjölmíðlar á Íslandi sýna skólamála sorglega lítinn áhuga og mættu fjalla oft um skólastarf og menntamál. Það er slæmt því þeir hafa vald til að hafa áhrif og vekja athygli og áhuga á því góða starfi sem kennarar og aðrir starfsmenn skóla vinna hér á landi fyrir skammarlega lág laun og slök kjör.

En Kennarasamband Íslands á sína eigin miðla; rafræna fréttabréfið Eplið, sem bættist í flórana fyrir fjórum árum og flytur fréttir og tilkynningar, vefinn ki.is sem er uppfærður daglega og geymir geysilegt magn upplýsinga um Kennarasambandið og aðildarfélögin og síðast en ekki síst Skólavörðuna, tímaritið sem flytur greinar og um skólastarf og fagmál. Það er eina tímaritið á landinu sem hefur þá sérstöðu.

Illu heilli var ákveðið á síðasta þingi KÍ að fækka tölublöðum Skólavörðunnar niður í tvö á ári í stað fjögurra. Það er mat mitt að það rjúfi samfellu útgáfunnar og veiki blaðið. Skólavardan er nefnilega sá miðill KÍ sem ekki einungis á erindi við félagsmenn. Hún á líka erindi út á við, út í samfélagið. Því væri verðugt að endurskoða þessa samþykkt á næsta þingi að ári og fjölga tölublöðunum aftur í fjögur sem vísbendingar eru um að meiri hluti félagsmanna vilji. Umfjöllun um skólamála er greinilega á ábyrgð okkar kennara sjálfra.

Með sumarkveðju,
Guðlaug Guðmundsdóttir,
verkefnastjóri í útgáfu KÍ

Ritstjóri: Guðlaug Guðmundsdóttir (GG)
gudlaug@ki.is / sími 595 1106.

Ábyrgðarmaður: Þóroddur Á. Hjaltested thordur@ki.is.

Umsjónarmaður félagatals:

Fjola Ósk Gunnarsdóttir fjola@ki.is / sími 595 1115.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson (JS),
nema annað sé tekið fram.

Hönnun og prentun: Oddi Umhverfsvottuð
prentsmiðja

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is /
sími 595 1142 eða 867 8959.

Prófarkalestur: Urður Snædal.

efnisyfirlit

- 1 LEIÐARI
- 2 VEGGSPJÖLD
- 4 FRÆÐSLUFUNDIR
- 6 FRÆÐSLUFUNDUR
Við erum sterkari sameinuð en sundruð
- 8 FRÆÐSLUFUNDUR
Látum ekki menntun gjalda kreppunnar!
- 10 FYRIRLESTUR
Þú getur, hver sagði að það yrði auðvelt?
- 12 NETSIDAREGLUR
Aðgát skal höfð...
- 14 BÍÓ
Lífið er línudans
- 16 LÍFEYRISMÁL
Ert þú á leið á eftirlaun?
- 18 FEMÍNISMI
„Og er það ekki líka svona öfuga oft?“
- 20 FRÓÐLEIKUR
Skilaboðaskjóðan
- 22 VIÐTAL
Langförlur og sífelld leitandi
- 24 UPPSKERUHÁTÍÐ
Nótan
- 27 NÝJUNG
Gaman saman með nótum og táknum
- 28 HLOTVERK
Trúnaðarmaður – fulltrúi og einkavinur?!
- 30 MÁLÞING
Að vera með í skóla og samfélagi
- 34 FJÖLMENNING
Fjölmennningarleg menntun í framhaldsskólum
- 38 KJARAMÁL
Staðan í kjaramálum aðildarfélaga KÍ
- 42 KJARAMÁL
Niðurskurðurinn bitnar grimmdarlega á starfi framhaldsskólanna
- 44 NÁTTÚRUFRÆÐI
Þekkingarsetur Suðurnesja
- 46 FUNDUR
Fagræð heldur sinn fyrsta fund
- 48 HEIMANÁM
Heimalærdómur – úreltur eða ómissandi?
- 50 SÖNGLEIKUR
Konungur ljónanna
- 52 SKÓLAMÁL
Kynningarátak FF
- 54 SMÍÐSHÖGGIÐ
Myndin af Tindastól
- 56 HUGARLEIKFIMI
Krossgáta

FORSÍÐAN

Myndina tók Tryggvi Már Gunnarsson. Hún er af sýningunni Konungur ljónanna, söngleik sem settur var upp í Hagaskóla í vetur. Leikarar: Lárus Jakobsson (Múfasa), Ari Ólafsson (Simbi yngri) og Katrín Stella Friðriksdóttir (Sarabí). Umfjöllun um sýninguna er í Skólavörðunni.



KENNASAMBAND
ÍSLANDS



Látum ekki menntun gjalda kreppunnar!

Kennarasamband Íslands lét í vetur prenta fjögur veggspjöld og sendi þau í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins. Trúnaðarmenn KÍ fengu veggspjöldin send til sín í stærðinni A3 og var falið að dreifa þeim í skólunum. Þau voru send út þar sem KÍ vill vekja athygli á menntamálum og fá umræðu um þau í aðdraganda kosninga.

Tilgangurinn með veggspjöldunum er að fá samfélagið til að hafna niðurskurði fjárframlaga til menntamála og vekja athygli á þeim alvarlegu afleiðingum sem niðurskurðurinn getur haft til langs tíma. Þeim er sérstaklega beint að stjórn-málamönnum og öðrum áhrifamönnum í samfélaginu. Spjöldin eiga að vera hvatning fyrir kennarastéttina, og aðra sem hagsmuna eiga að gæta, til að vera á varðbergi gagnvart þeirri aðför að skólahlaldi sem niðurskurðurinn er.



HÖFUM HEMIL Á HÓPASTÆRÐUM!

Margir létu í ljós ánægju sína með framtakið. Trúnaðarmaður sem kom í Kennarahúsið sagðist helst vilja „betrekkja“ skólann með veggspjöldunum og vildi fá fleiri til að dreifa víðar, en veggspjöldin voru einnig prentuð í stærðinni A4. Kennarar hafa lýst þeirri skoðun sinni að þau séu fallega hönnuð og ógrandi. Á einu veggspjaldinu segir „Höfum hemil á hópastærðum!“ Of stórir náms-hópar eru alvarleg birtingarmynd niðurskurðar á öllum skólastigum. Þeir gera kennurum óhægt um vik og takmarka mjög möguleika til að viðhafa nútímalega og fjölbreytta kennsluhætti, eins og ætlast er til í lögum og námskrám. Þetta bitnar á starfi kennara og getur til langs tíma orsakað dalandi menntun. Kennarastéttin mun berjast gegn þeirri framtíðarsýn með oddi og egg, þar sem gæðamenntun fyrir alla er eitt helsta baráttumál KÍ og Alþjóðasambands kennara (EI).

EKKI SÉR FYRIR ENDANN Á AFLEIÐINGUM NIÐURSKURÐARINS

En allt orkar tvímælis þá gert er. Einhverjum þóttu veggspjöldin of neikvæð og túlkuðu þau sem gagnrýni á kennara og dæmi eru um að yfirvöld hafi mælst til þess að þau yrðu ekki hengd upp. Því fer fjarri að veggspjöldunum sé ætlað að varpa rýrð á hið góða starf sem fer fram í íslenskum skólum, þrátt fyrir bág kjör kennara og niðurskurð. Framlög ríkis og sveitarfélaga til skólamála hér á landi hafa verið skorin miskunnarlaust niður, bæði fyrir og eftir efnahagshrunið 2008, og ekki sér fyrir endann á afleiðingum þess. Ástandið víða, t.d. í Suður-Evrópu, er þó enn verra en hér og ekki til eftirbreytni.




Veggspjöldin voru hönnuð fyrir Alþjóðasamband kennara sem KÍ er virkur aðili að. Þau eru hluti af sameiginlegum viðbrögðum EI og aðildarféлага við efnahagshruninu sem þjakar stóran hluta heimsbyggðarinnar.

Kennarar geta komið í Kennarahúsið og fengið litlu veggspjöldin til dreifingar ef þeir vilja taka þátt í að vekja enn frekar athygli á því að niðurskurður í menntamálum er ekki líðandi. Kennarasamband Íslands vill stuðla að eflingu menntunar á öllum skólastigum og krefjast aukinna fjárframlaga til þess. Veggspjöldin hafa þann tilgang einan að koma þeirri skoðun á framfæri.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Vilt þú halda 100% af launum þínum við starfslok?



Með lögbundnum skyldulífeyri, Allianz viðbótarlífeyri og auka lífeyristryggingu getur þú tryggt þér 100% af launum þínum við starfslok.

Tryggir þína framtíð

Allianz 



Jóhann Ingi Gunnarsson, Björg Bjarnadóttir og Þórður Hjaltsted.

Fræðslufundir

Þórður Á. Hjaltsted og Björg Bjarnadóttir, formaður og varaformaður KÍ, héldu fræðslufundi víðs vegar um landið með félagsmönnum allra aðildarfélaganna KÍ í febrúar og mars sl. Með þeim í för var Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur sem flutti fyrirlestur sem hann kallaði „Þú getur – hver sagði að það yrði auðvelt?“. Fundirnir voru haldnir á Egilsstöðum, Borgarnesi, Selfossi, Ísafirði, Sauðárkróki, Vestmannaeyjum, Hafnarfirði og Akureyri.

Fundur fyrir félagsmenn á höfuðborgarsvæðinu var haldinn í Flensborgarskóla í Hafnarfirði, þar sem nemendur á upplýsinga- og fjölmiðlatækni braut Flensborgarskóla tóku hann upp til

útsendingar sem nálgast má á vefnum netsamfelag.is, undir Fræðslufundur KÍ. Þetta var í fyrsta sinn sem núverandi forystumenn héldu slíka fundaherferð, en þar með var farið að samþykkt síðasta þings sambandsins.

Tilgangur fundanna var að gefa félagsmönnum tækifæri til að hitta forystu KÍ og skapa vettvang fyrir þá til að hittast á vegum sambandsins. Fundunum var ætlað að efla samstarf og samræður milli skólastiga og bjóða upp á fræðslu um starfsemi Kennarasambands Íslands. Einnig var þeim ætlað að gefa félagsmönnum kost á að ræða það sem brennur á þeim. Þegar framsöguerindin höfðu verið flutt gafst fundarmönnum tækifæri til að tjá sig og orðu víða fjörlegar umræður. Vinnutíminn

var mörgum ofarlega í huga, fjölgun í nemendahópum og sú streita sem það orsakar, brottfall nemenda o.fl.

Þrátt fyrir að fundirnir væru haldnir í skammdeginu og allra veðra von, gekk skipulagið vel upp og einungis þurfti að fresta einum fundi vegna ófærðar. Þátttaka var góð og dreifðist vel milli skólastiga.

Fundirnir mæltust mjög vel fyrir og ljóst að mörg mál brenna á félagsmönnum KÍ nú þegar efnahagskreppan hefur varað í á fimmta ár og framundan eru kosningar til Alþingis.

Texti og mynd:
Guðlaug Guðmundsdóttir.

Fundunum var ætlað að efla samstarf og samræður milli skólastiga og bjóða upp á fræðslu um starfsemi Kennarasambands Íslands.

FRÁ FRÆÐSLUFUNDUNUM

Kennarahóparnir þurfa að tala meira saman – læra hver af öðrum, skapa frjóa umræðu og byggja brýr milli skólastiga.

Aðildarfélögin þurfa að starfa meira saman úti á landi og KÍ þarf að styðja betur við starf svæðafélaga og félagsdeilda um allt land.

Það er mikilvægt að skólafólk hafi frumkvæði og stýri umræðunni um skólastarf og skólapróun.

Allir kennarar og aðrir félagsmenn KÍ þurfa að horfa í eigin barm og skoða orðræðu sína um kennarastarf og -menntunina.

Janusbúðin

Laugavegi 25 101 Reykjavík s. 552-7499	Hafnarstræti 99-101 600 Akureyri s. 461-3006
--	--

**Hlýr, þægilegur
og hentar við
allar aðstæður!**


JANUS

**Á stóra sem smáa..
unga sem aldna..**

Gæða ullarfatnaður!



Björg Bjarnadóttir.

Við erum sterkari sameinuð en sundruð

Björg Bjarnadóttir skýrði frá ýmsum hagnýtum atriðum í daglegu starfi KÍ. Hún sagði m.a. frá því að stofnuð hefði verið sex manna fræðslunefnd haustið 2012 sem skipuð væri fulltrúum frá öllum skólastigum og sameiginlegum fulltrúa frá stjórnendafélögum þremur. Nefndin gerði áætlun um fræðslu- og vinnuumhverfismál, en helstu verkefni hennar væru að fylgja eftir samþykktum þings KÍ og skipuleggja sameiginlega fræðslu fyrir hvert kjörtímabil. Markmiðið með skipan fræðslunefndar er að koma miðlægum fræðslumálum á vegum KÍ í fastan farveg, en margoft hafa komið fram hugmyndir um að efla þann þátt í starfsemi KÍ til að treysta böndin milli skólastiga og styrkja KÍ sem heild. Starf nefndarinnar hefur farið vel af stað. Stærsta verkefnið sem fyrir liggur er að koma svokallaðri forystufræðslu af stað, en hún felst í því að halda sameiginleg námskeið fyrir trúnaðarmenn KÍ og þá

sem kjörnir eru í hin ýmsu trúnaðarstörf á vegum KÍ, aðildarfélaganna og svæða- og félagsdeilda. Upplýsingar um nefndina er að finna á vef KÍ.

KENNARAR Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM ÞURFA HVATNINGU

Yfirskrift fræðslufundanna Stöndum með kennurum er fengin frá Alþjóðasambandi kennara (EI), og Björg segir að þetta slagorð eigi einmitt vel við um þessar mundir. Kennarar eru þungamiðjan í öllu skólastarfi, þeir setja markið hátt og gera kröfur til sjálfra sín og skólastarfsins. Væntingar samfélagsins til kennara og skólastarfs eru miklar og um leið og afleiðingar niðurskurðar verða sífellt ljósari eru gerðar auknar kröfur til stéttarinnar. „Það á að taka upp breytta kennsluhætti, innleiða nýja menntastefnu og fleira. Niðurstaða fræðslunefndar er sú,“ sagði Björg „að kennarar á öllum

skólastigum hafi þörf fyrir hvatningu, stuðning og hrós og kallað sé eftir samræðu og samstöðu. Samfélagið allt þarf að standa með skólastarfi og sýna menntun og kennarastarfinu áhuga og virðingu í hvívetna. Fundirnir eru liður í því að KÍ vill veita kennurum og stjórnendum stuðning og hvetja þá til dáða í þeim flóknu aðstæðum sem þeir starfa við.“

MIDLÆG ÞJÓNUSTA KÍ NÝTIST FÉLAGSMÖNNUM

Hið nýja Kennarasamband Íslands er nú á fjórtánda ári og um það bil að slíta barnsskónum. Margt hefur þróast og breyst frá því sambandið var stofnað, en það hefur þegar sýnt sig að kennarafélögin séu vel sett í einu öfluglu stéttarfélagi, að sögn Bjargar. „Markmiðið með stofnun nýja KÍ á sínum tíma var að sameinast og nýta krafta stærðar og samstöðu til að vinna að bættum fag-, félags- kjara-



Markmiðið með stofnun nýja KÍ á sínum tíma var að sameinast og nýta krafta stærðar og samstöðu til að vinna að bættum fag-, félags-, kjara- og réttindamálum. Þau markmið eru ennþá í fullu gildi því enn er langt í land á mörgum sviðum, ekki síst launamálum. Nú ríður t.d. á að standa vörð um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna sem sótt er að.

og réttindamálum. Þau markmið eru ennþá í fullu gildi því enn er langt í land á mörgum sviðum, ekki síst launamálum. Nú ríður t.d. á að standa vörð um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna sem sótt er að. Þótt félögin séu um margt ólík með mismunandi menningu og sýn þá er þó miklu fleira sem sameinar þau. Það sem kennarafélögin eiga saman er m.a. fagið og menntunin, skólastarfið, samningsrétturinn, siðareglurnar, miðlarnir: Skólavarðan, Eplið og KÍ-vefurinn, orlofssjóður, sjúkrasjóður, vinnudeilusjóður, Kennarahúsið og síðast en ekki síst sérhæfð miðlæg þjónusta sem nýtist öllum félagsmönnum í öllum aðildarfélögum. Hagkvæmnin af samlegðinni hefur skilað sér og samstarf milli skólastiga og kennarahópa aukist til mikilla muna," sagði Björg.

SNÚUM VÖRN Í SÓKN

Fram kom að þó nauðsynlegt sé að forysta KÍ velti því stöðugt fyrir sér hvernig starfseminni sé best fyrir komið þannig að KÍ sé sterk skipulagsheild og bjóði félagsmönnum skilvirka og góða þjónustu. Hluti af því er að nú fer fram ítarleg endurskoðun á lögum og regluverki KÍ og sjóða sem undir KÍ heyrja. Fundirnir eru einnig ætlaðir til þess að heyra skoðanir félagsmanna á því hvað betur megi fara og hvað beri að leggja meiri áherslu á í starfseminni. „KÍ og aðildarfélögin standa frammi fyrir því að snúa vörn í sókn og taka meira frumkvæði í allri umræðu um menntamál og skólastarf. Það eru endalausar áskoranir til að takast á við,

sameingar og samrekstur skóla, umræður um flutning framhaldsskólans til sveitarfélaga, ný kennaramenntun sem festa þarf í sessi, menntastefna sem koma þarf í framkvæmd, kjarasamningar á næsta ári o.s.frv. Allt fyrirferðamikil og brýn mál. Við höfum það hlutverk og skyldur að vera málsvarar menntunar, og áhrifavaldar í umræðu um starfskjör og skólaþróun í samfélagi sem er á fleygiferð. Við erum sterkari sameinuð en sundruð. Þess vegna erum við saman í Kennarasambandi Íslands," sagði Björg að lokum.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Látum ekki menntun gjalda kreppunnar!

Þórður Á. Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands.



Þórður Á. Hjaltested.

Félagsmenn KÍ, rétt eins og samfélagið allt, þurfa að staldra við og íhuga stöðu menntamála þegar skórin kreppir. Yfirskrift þessa pistils er samhljóma þema fjögurra veggspjalda sem Alþjóðasamband kennara (EI) gaf út í átaki sínu á síðasta ári. KÍ hefur nú látið þýða veggspjöldin, prenta og senda í alla skóla landsins. Tilgangurinn er að hvetja kennara til dáða við að verja menntunina í landinu, og ekki síður að hvetja ráðamenn til að halda hlífiskildi yfir menntun. Allir félagsmenn KÍ verða að senda skýr skilaboð út í samfélagið um að láta menntun ekki gjalda kreppunnar – í húfi eru hagsmunir nemenda, þeirra sem erfa munu landið.

BARIST FYRIR MEIRI FJÁRMUNUM TIL AÐ INNLEIÐA NÝJAR NÁMSKRÁR

Rannsóknir OECD sýna að margar þjóðir sem ekki eiga miklar náttúruauðlindir hafa náð mjög langt, og tekist að auka þjóðarauð og hagsæld, með því að efla menntunarstigið. Inni-

hald menntunar þarf að fylgja kröfum nýrra tíma. Við höfum nýlega tekið upp nýja framsækna löggjöf í menntamálu og tók KÍ fullan þátt í að móta hana og nýjar námskrár fyrir öll skólastig. Það er fagleg skylda okkar að taka við þessum nýja ramma um skólastarfið, þróa hann og gera að okkar. Það krefst tíma og vinnu, en mikilvægt er að við fagfólkið tökum við þessu verkefni. KÍ hefur barist fyrir því að fá menntamálaráðuneytið til þess að leggja meiri fjármuni í kynningu á námskrám á öllum skólastigum og þjálfa lykilaðila til að innleiða námskrár í skólana.

LAUNAKJÖR KENNARA VERÐUR AÐ BÆTA OG MINNKA ÁLAG

En geldur menntun kreppunnar á Íslandi? - Svárið er já, en þó ekki í sama mæli og hjá mörgum samherjum okkar vítt og breitt um heiminn. Við höfum mátt þola niðurskurð og samdrátt í fjárframlögum til skóla allt frá hrúni 2008 þótt yfirvöld hafi reynt að hlífa

menntakerfinu. Nú er hins vegar svo komið að ekki er hægt að skera meira niður öðruvísi en það komi verulega niður á gæðum skólastarfs. Við vitum öll mæta vel að kennarar eru komnir að þolmörkum. Launakjör þeirra verður að bæta og álag í starfinu að minnka.

Hvað getum við gert sjálf til þess að hafa áhrif á kjör okkar og aukið virðingu fyrir kennarastarfinu? - Við þurfum að snúa við hinni neikvæðri orðræðu samfélagsins í garð skóla. Við verðum að vera fagleg í störfum okkar, sýna það og sanna að við erum sérfræðingar í menntamálu. Við þurfum líka að halda því til haga að kennarar hafa alla tíð axlað ábyrgð á menntun og skólastarfi með gleði. Kennarar eru fagfólk, kennarar eru sérfræðingar. - Við menntum Ísland! KÍ hefur notað þetta slagorð með systursamtökum sínum á Norðurlöndum og það er í fullu gildi.

KENRARAR ERU VEL MENNTAÐIR, METNAÐARFULLIR OG FULLIR SJÁLFSTRAUSTS

Skólastarf er metið á alþjóðavísu af OECD, og þar tókum við Íslendingar þátt í rannsóknnum með þátttöku í PISA, TALIS og fl. Hagstofa Íslands, Menntamálaráðuneytið og KÍ senda reglulega upplýsingar um menntakerfið á Íslandi til OECD og samtökin gefa árlega út ritið Education at a Glance. Því miður virðast fjölmiðlar einkum rýna í það sem miður fer. Það er t.d. ekki sagt frá því að íslenskt menntakerfi og skólastarf kemur vel út úr þessum samanburði. Nemendur standa sig almennt vel í PISA. Við erum í fremstu röð og skólakerfi okkar flokkast sem eitt af 25 bestu í heiminum. Vissulega má lagfæra sumt, en skoðum nú styrkleika okkar. Íslenskir skólar eru einsleitir á jákvæðan hátt, gæðin eru alls staðar. For-

Sú kennsla sem þörf er á í dag krefst kennara sem eru mjög færir og sífellt til í að auka þekkingu sína.

eldrar barna sem flytja til landsins geta gengið að því vísu að fá góða þjónustu og gott skólastarf á öllum skólastigum, hvar sem er á landinu. Kennarar eru vel menntaðir, metnaðarfullir og fullir sjálfstrausts. Allt þetta má lesa úr skýrslum OECD. Þar kemur einnig fram að laun íslenskra kennara séu með þeim lökustu, en kennsluskylda sé svipuð og hjá kollegum okkar á Norðurlöndunum.

LYKILATRIÐI AÐ HAFANÆGAN TÍMA TIL UNDIRBÚNINGSS

Nú er þrýstingur á aðildarfélag KÍ, af hálfu viðsemjenda, samninganefnda ríkisins og sveitarfélaganna, um að breyta vinnutíma kennara. Viðsemjendur vilja auka viðveru kennara í skólum og jafnvel stytta tímann sem fer í undirbúning og úrvinnslu kennslustunda. Þarna verðum við að gæta okkar. Fræðimenn telja það lykilatriði að kennarar hafi tilhlýðilegan tíma til undirbúnings kennslu til að tryggja gæði hennar. Við berjumst t.d. fyrir því að undirbúningstími sé aukinn hjá leikskólakennurum, en sú barátta er erfið þegar sveitarfélögin telja þann tíma of mikinn hjá samanburðarstéttinni, grunnskólakennurum.

Við þurfum að standa saman í að verja þennan hluta starfsins hjá grunn- og framhaldsskólakennurum og auka hann hjá leikskólakennurum. Við þurfum í ræðu og riti að gera aðilum grein fyrir mikilvægi þessa hluta starfsins. Við þurfum ávallt að sinna þessum hluta starfsins af kostgæfni og minna okkur og aðra stöðugt á að þörf fyrir undirbúning getur verið ólík eftir eðli kennslu sem og milli einstaklinga.

Í framtíðarsýn EI á kennarastarf 21. aldar er talið nauðsynlegt að kennarar vinni saman við undirbúning kennslu, vinni í teyrum og auki samþættingu námsgreina. Kennarar verða sjálfir að

finna sinn takt í þessu. Möguleikar þess að skilgreina teymisvinnu í kjarasamningum er eitt af því sem rætt hefur verið við viðsemjendur. Slíkt þekkist í kjarasamningum kollega okkar á Norðurlöndum.

LEIKSKÓLINN ER FYRSTA SKÓLASTIGIÐ

Við eigum sóknarfæri sem felst í því að nú er gerð lagaleg krafa um að allir sem sækja um leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskóla verða að hafa lokið meistaraþráðu frá viðurkenndum háskóla. Með þessu er Ísland komið á stall með Finnlandi í menntakröfum sem gerðar eru til kennara og stjórnenda. Ein af útskýringum OECD á góðu gengi og stöðu menntamála í Finnlandi er að kennarar og stjórnendur séu vel menntaðir. Þeir hafa menntun sem gerir þeim kleift að rýna í rannsóknir í faginu, gera sínar eigin rannsóknir og leita sífellt að betri lausnum eða aðferðum við kennslu. Einnig er bent á mikið faglegt samstarf við aðra sérfræðinga sem tengjast skólastarfi. En Ísland hefur tekið forystu, þar sem við erum með þeim fyrstu til að krefjast þess að leikskólakennarar séu með meistaraþróf eins og aðrir kennarar. Þetta undirstrikar að leikskólinn er fyrsta skólastigið. Þessu fögnum við.

Viðsemjendur vilja auka viðveru kennara í skólum og jafnvel stytta tímann sem fer í undirbúning og úrvinnslu kennslustunda. Þarna verðum við að gæta okkar.

MIKLAR KRÖFUR ERU GERÐAR TIL KENNARA Á NÝRRI ÖLD

Í skýrslu OECD sem sett var fram sem umræðugrundvöllur á ráðstefnu EI og OECD í New York á síðasta ári var eftirfarandi sýn á starf kennara: Þeir þurfa að vera vel að sér í kennslufræði og þeim námsgreinum og námssviðum sem þeir kenna til að geta brugðið á ný ráð og, ef nauðsyn ber til, breytt kennsluháttum til að námið verði sem árangursríkast. Þeir þurfa að geta grip-ið til margvíslegra aðferða og vita hvernær hver aðferð eða áætlun hæfir best. Slíkar áætlanir ættu að samanstanda af beinni bekkjarkennslu, leiðbeindu leitarnámi, hópvinnum og aðstoð við sjálfsnám og einstaklingsbundið upp-götvunarnám. Kennarar þurfa að hafa djúpan skilning á námsferlum og átta sig á hvað vekur áhuga einstakra nemenda, bera skynbragð á tilfinningar og líf þeirra utan skólans. Kennarar þurfa að kunna að starfa með öðrum kennurum, sérfræðingum og fagfólki innan sömu stofnunar, með einstaklingum í öðrum samtökum, nota samskiptanet faghópa og tengjast öðrum í starfi á mismunandi hátt. Kennarar þurfa að tileinka sér umtalsverða upplýsingatækni til að nýta stafrænar uppsprettur í kennslu sinni og til að fylgjast með námsframvindu nemenda.

Sú kennsla sem þörf er á í dag krefst kennara sem eru mjög færir og sífellt til í að auka þekkingu sína. Kennarar þurfa að innleiða nýjungar til þess að kalla fram nýja vaxtarsprotu með betri afköstum og meiri árangri.

Á krepputímum hættir stjórnvöldum við að fórna gæðum til að ná fram hagræðingu. Slíkt samþykkið við aldrei. Það er okkar hlutverk sem fagstéttar og sérfræðinga að verja fagið okkar og benda á bestu leiðir til að viðhalda gæðum skólastarfs og auka þau á hagræðingunni hátt. Eftir fjögurra ára stöðugan niðurskurð á fjárframlögum til skólamála er þetta krefjandi verkefni. Við þurfum því öll að standa saman sem sterk fagstétt. - Menntun er okkar fag. Gerum góðan skóla enn betri!

Texti: Þórður Á. Hjaltested.

Þú getur, hver sagði

Fyrirlestur Jóhanns Inga Gunnarssonar sálfræðings á fræðslufundum KÍ.



Jóhann Ingi Gunnarsson.

Jóhann Ingi Gunnarsson rekur sálfræðipjónustu en hefur einnig starfað við þjálfun og hefur m.a. þjálfað íslenska landsliðið í handbolta. Hann hefur haft mikil áhrif á afreksfólk okkar í íþróttum með því að kenna því að beita jákvæðu hugarfari til að takast á við krefjandi viðfangsefni. Hann hóf mál sitt á því að varpa fram spurningunum: Hvernig kennari er ég? Hvernig kennari vil ég vera? Og að lokum hvert svarið yrði í lok starfsævinnar þegar spurt verður: Hvernig kennari var ég? Þessar spurningar kalla á sjálfskoðun og vekja fólk til umhugsunar gagnvart starfi sínu.

HVERS KONAR BOLLI ER ÉG?

Jóhann Ingi tók sér bolla í hönd og bar um leið upp áleitnar spurningar, meðan hann ræddi um fjórar tegundir bolla: Í fyrsta lagi er bolli á hvolfi, en vökvi (upplýsingar) skilar sér ekki í þann bolla. Í öðru lagi bolli með gati sem ekkert tollir í - allt fer inn um annað og út um hitt. Þriðji bollinn er óhrein og það sem hellt er í hann verður gruggugt og óhreint, sem vísar til þess þegar fordómar manns menga þær upplýsingar sem berast manni. Í fjórða lagi er svo um hreinan og heilan bolla að ræða sem er opinn fyrir nýjum upplýsingum/hugmyndum án fordóma. - Hvers konar bolli ert þú? Jóhann Ingi hafði á orði að sjálfsgætu flestir séd sig í öllum gerðunum á einhverjum tímapunkti á hverjum degi en hugmyndin um bollana fjóra geti vakið til umhugsunar um eigið viðhorf og framkomu hverju sinni.

AÐ EFLAST SEM EINSTAKLINGUR OG MYNDA LIÐSHEILD

Jóhann Ingi gerði kreppuna að umtalfni og sagði að þegar á móti blési kæmi í ljós hverjir væru mestu afreksmennirnir. Þetta ætti við um kennara-stéttina eins og aðra. Hlutverk kennara hafi aldrei verið mikilvægara en nú og því sé mikilvægt að koma auga á þau tækifæri sem bjóðast. Hann minnti á kínverskt spakmæli sem hljóðar á þá leið að þegar einar dyr lokast opnast tvær aðrar. Þegar við stöndum frammi fyrir mótlæti eins og núna má líta á ástandið sem áhugavert tækifæri til að eflast sem einstaklingur og mynda enn sterkari liðsheild. Þegar tekist hefur að mynda öfluga liðsheild eru menn samtaka og allir róa í sömu átt. Þar sem ein-tómir smákóngar ríkja ræður togstreita för. Því meira utanaðkomandi mótlæti, því brýnna er að standa saman, sýna stuðning og hvetja sjálfan sig og koll-ega sína til dáða.

HLAKKAÐU TIL VIÐ-FANGSEFNA DAGSINS

„Breytum því sem við getum breytt. Boðskapur æðruleysisbænarinnar er dýrmætt leiðarljós“, sagði Jóhann Ingi. „Við getum breytt okkar eigin hugarfari og berum ábyrgð á því. Eitt af aðal-markmiðum silfurlíðsins á Ólympíuleikunum í Peking var einmitt að setja ábyrgðina á rétta staði. Tilhlökkun er einnig góð leið til að vinna á hindrunum. Að einsetja sér að morgni dags að hlakka til viðfangsefna sem framundan eru getur gert daginn mun skemmtilegri. Berum virðingu fyrir því sem við gerum. Það sem gert er með gleði er yfirleitt betur gert en það sem gert er með hangandi hendi.“

að það yrði auðvelt?



YES!!!

YES- formúlan:

Ég er **y**firveguð/
yfirvegaður.

Ég er **e**inbeitt(ur).

Ég er **s**jálfsörugg(ur).

SÝNUM HVERT ÖÐRU ÁHUGA OG GLEÐJUMST YFIR VELGENGNI

„Tuttugasta öldin var með réttu kölluð öld breytinga en sú tuttugasta og fyrsta er öld hraðra breytinga! Við megum ekki óttast breytingarnar, lítum fremur á þær sem spennandi tækifæri og ákveðum að njóta þeirra. Þetta getur kallað á viðhorfsbreytingu hjá sjálfum manni og hugrekki til að láta verða af henni. Við ráðum nefnilega sjálf hvornig við vinnum okkur út úr aðstæðum. Einblínum á lausnir en ekki hindranir. Nenni ég að taka framförum er enn fremur spurning sem hver og einn verður að svara fyrir sjálfan sig.“

„Kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir,“ sagði Jóhann Ingi að lokum. „Þeir eiga að meðtaka alla hvatningu og hrós í eigin garð og þreytast ekki á að draga fram það jákvæða í fari hver annars og nemenda sinna auk þess að benda á þann frábæra árangur sem kennarar hafa náð á krefjandi tímum. Sýnum hvert öðru áhuga og gleðjumst yfir velgengni annarra. Sýnum jafnframt skilning þegar miður tekst til. Slíkt eflir líðsheimild og gerir góðan vinnustað enn betri.“

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.



Kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir. Þeir eiga að meðtaka alla hvatningu og hrós í eigin garð og þreytast ekki á að draga fram það jákvæða í fari hver annars og nemenda sinna.

BOLLARNIR

FERNIS KONAR VIÐHORF
Hvers konar bolli ert þú?



BOLLI Á HVOLFI. Ekkert skilar sér þótt reynt sé að hella í hann.



BOLLI MEÐ GATI. Allt fer inn um annað og út um hitt.



SKÍTUGUR BOLLI. Það sem fer í hann verður gruggugt – mengað af fordómum og dómhörku.



HREINN BOLLI OG HEILL. Þegar maður hlustar, tekur við og varðveitir.

Aðgát skal höfð..

- Netsiðareglur og rafræn samskipti.



Anna María Gunnarsdóttir.



Nýr vettvangur fyrir samskipti kennara og nemenda hefur opnast með nýjum samfélagsmiðlum, en huga þarf að því hvernig slíkum samskiptum er best háttað.

Skólamálanefnd Félags framhaldsskólakennara skoðaði netsiðareglur sem erlend kennarasamtök settu sér. Niðurstaða þeirrar vinnu var að beina því til siðaráðs KÍ að sambandið setti sér hliðstæðar reglur fyrir félagsmenn sína. Þar væri hnykk á hlutverki þeirra sem fagmanna og gefnar leiðbeiningar um hvernig efla mætti umræðu um heppilega notkun netsins. Einnig skyldi fjallað um hvernig hægt væri að bregðast við hugsanlegri áreitni og einelti á samfélagsmiðlum.

Hér er það helsta sem skólamálanefnd FF telur að ætti að standa í slíkum siðareglum:

LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA UM NOTKUN SAMFÉLAGSMIÐLA:

- Kennarar gæti að mörkum einkalífs og vinnu í samfélagsmiðlum og að samskipti séu eðlileg og fagleg.
- Kennarar mismuni hvorki nemendum né forráðamönnum þeirra.
- Kennarar ræði notkun samfélagsmiðla við nemendur.
- Kennarar ættu að lýsa þeim mörkum sem þeir setja sér um notkun samfélagsmiðla. Í því felst til dæmis að kennari geti ekki verið „vinur“ sumra nemenda á samfélagsmiðlum en ekki annarra.
- Kennari gæti trúnaðar við nemendur á samfélagsmiðlum.
- Kennari skrifri ekki um einstaka nemendur, viðbrögð þeirra eða verkefni og birti ekki myndir af nemendum eða úr skólastarfinu án samþykkis allra hlutaðeigandi.
- Kennarar tjái sig af sanngirni um vinnu sína á samfélagsmiðlum.

LEIÐBEININGAR UM HVERNIG VINNA MEGI GEGN ÁREITNI OG EINELTI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM:

- Kennarar hvetji til þess að í skólum þeirra verði settar sameiginlegar reglur fyrir stjórnendur, kennara, nemendur og forráðamenn um notkun samfélagsmiðla.
- Reglurnar ættu að vera skýrar og augljóst hver ber ábyrgð á hverju. Skólar ættu að setja sér reglur um hvernig fyrirspurnum er svarað, t.d. í tölvupósti, í gegnum síma eða á fundum.
- Kennarar beiti sér fyrir því að settar verði skýrar reglur um hvernig nemendur nota farsíma, myndavélar og tónhlöður í skólanum. Kennarar beiti sér einnig fyrir því að nemendur og forráðamenn þeirra verði upplýstir um reglurnar og viðurlög við brotum á þeim.
- Kennarar beiti sér fyrir því að skólar vinni markvisst gegn áreitni og einelti.

Þessu markmiði mætti ná með því að útskýra fyrir nemendum að það sem er skrifað á netið teljist opinber birting og viðurlög séu samkvæmt því. Leggja ber áherslu á að skólar umberi ekki neins konar áreitni eða einelti á netinu.

LEIÐBEININGAR SEM HÆGT ER AÐ GEFA KENNURUM SEM VERÐA FYRIR ÁREITNI EÐA EINELTI:

- Kennarar taki afrit af öllum óréttmætum skilaboðum, uppfærslum og bloggfærslum. Þeir forðist að miðla eða skrifa ósæmileg skilaboð, tjá sig um þau eða framsenda þau. Þeir svari ekki neikvæðum skilaboðum fyrr en þau hafi verið rædd við foreldra, umsjónarkennara eða annan fulltrúa skólans. Þeir ræði mál af þessu tagi eins fljótt og auðið er við skólastjórnanda, trúnaðarmann eða stéttarfélag.
- Ef um alvarleg atvik er að ræða þarf að taka ákvörðun um hvort reynt skuli að afgreiða málið innan skólans eða hafa samband við lögreglu.
- Ef kennari veit hver braut á honum getur hann haft samband við nemanda, eða forráðamann ef nemandinn er yngri en 18 ára.
- Kennari getur krafist þess að færsla sé fjarlægð af neti. Ef við því er ekki orðið getur hann haft samband við umsjónarmann vefsvæðisins og hvatt til þess að efninu verði eytt. Yfirleitt er hægt að vísa í samskipta-reglur viðkomandi síðu málinu til stuðnings.

Með tilkomu öflugra samfélagsmiðla hefur margt breyst. Fréttaflutningur er mjög hraður, allir geta komið skoðunum sínum á framfæri og nýjar færslur birtast með ógnarhraða. Ekki þykir lengur tiltökumál að birta fjölskyldumyndir á netinu og flestir eyða löngum stundum í rafrænum heimi.

Kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir nemenda sinna og því telur skólamálanefnd FF mikilvægt að efla umræðu um hvað sé við hæfi og hvað ekki. Titill þessarar greinar er vísun í ljóð Einars Benediktssonar og má vel yfirfæra á það að rafræn fótspor verða ekki svo auðveldlega máð í burtu.

Höfundur er formaður skólamálanefndar FF.

Texti: Anna María Gunnarsdóttir.
Mynd: Rán Bjargardóttir.

Safnfræðsla



Listasafn Reykjavíkur



Flakkari á flandri!


Myndlist er mögnuð!

Eitt af meginmarkmiðum Listasafns Reykjavíkur er að vekja nemendur á öllum aldri til umhugunar um myndlist með lifandi fræðslustarfi.

Listasafn Reykjavíkur er með fjölbreyttar sýningar á þremur stöðum í borginni og tekur á móti skólahópum alla virka daga frá kl. 8.30-15.30 eða eftir samkomulagi. Bóka þarf með fyrirvara á heimasíðu safnsins undir „Panta leiðsöng“.

Flakkari á flandri!

Grunnskólum Reykjavíkur stendur til boða að fá sérhannaðar fræðslusýningar að láni í skólann. Sýningarnar kallaast Flökkusýningar og eru útbúnar í færanlegum einingum sem hægt er að setja upp í skólanum. Með sýningunum fylgja verkefni fyrir nemendur, sem hægt er að fá kynningu á. Athugið að sýningarnar eru grunnskólum Reykjavíkur að kostnaðarlausu.



Allar upplýsingar um sýningar, fræðslu og viðburði er að finna á heimasíðu safnsins www listasafnreykjavikur.is Listasafn Reykjavíkur er á þremur stöðum.

Ásmundarsafn

Sigtún, 105 Reykjavík
Opíð 1.5 – 30.9 daglega kl. 10-17
1.10- 30.4 daglega kl. 13-17



Hafnarhús

Tryggvagata 17, 101 Reykjavík
Opíð daglega kl. 10-17
Fimmtudögum kl. 10-20
S. 590 1200



Kjarvalsstaðir

Flókgata, 105 Reykjavík
Opíð daglega kl. 10-17



Upplýsingar um safnið er einnig hægt að finna á Facebook, Flickr, Twitter, YouTube og Vimeo.

Karlar og konur eru góðar manneskjur. Það eru örfáar undantekningar. Látum þær ekki stjórna lífi okkar.



Mads Mikkelsen á stjómuleik í hlutverki Lúkasar.

Lífið er línudans

Félagar í FL og FSL horfðu saman á dönsku kvikmyndina Jagten.

Jagten, kvikmynd Thomasar Winterberg, er þarft innlegg í umræðuna um stöðu karla í skólum. Myndin segir sögu Lúkasar sem starfar í leikskóla og er ranglega ásakaður um kynferðislegt ofbeldi. Félög leikskólakennara og stjórnenda leikskóla á höfuðborgarsvæðinu buðu félagsmönnum á myndina og efndu til pallborðsumræðna á eftir. Þar sátu Valgerður Janusdóttir, starfsmannastjóri Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, Kristján Ingi Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður, Guðrún Jónsdóttir frá Stígamótum og Hörður Svavarsson leikskólastjóri. Jóhannes Kr. Kristjánsson dagskrárgerðarmaður hjá RÚV stjórnaði umræðunum.

Lúkas er kennari í leikskóla í þorpi í Danmörku. Lítil dóttir vinar hans leitar til hans og hann sinnir henni vel, en setur henni mörk þannig að henni finnst hann hafna sér. Telpan lætur orð falla í eyru leikskólastjóra síns, sem hann túlkar þannig að hann verði að fara áfram með málið. Í stuttu máli verður úr því algjört klúður og allt fer úr böndum með tilheyrandi múgæsingunni. Jagten hefði vel getað gerst á hvaða vettvangi og hvaða skólastigi sem er, en að velja leikskóla undirstrikar varnarleysi skjólstaðinganna þar. Samfélagið í myndinni er veikt að

því leyti að verkferlar skólakerfisins eru ekki í lagi og stemmingin í samfélaginu byggist á hópþrýstingi. Um leið er þó styrkleiki samfélagsins sýndur, en hann byggist á rótgróinni vináttu á meðal íbúa þorpsins. Jarðvegur er fyrir samstöðu, spurningin er hvert sú samstaða leiðir.

Markmið FL og FSL á höfuðborgarsvæðinu með því að bjóða í bíó var að vekja umræðu um það hvernig við getum sem best tryggt öryggi barna og starfsmanna leikskóla gagnvart ofbeldi, gruns um ofbeldi og ásökunum sem ekki eru á rökum reistar. Börnin verða að vera örugg, leikskólakennarar og starfsmenn verða að geta sinnt sínu starfi af alúð og kærleika og foreldrar verða að vera vissir um að allt sé gert til þess að tryggja þetta. Í umræðunum kom fram að körlum í leikskólum líður eðlilega ekki vel yfir því að hugsanlega séu þeir tortryggðir. Fréttir frá Danmörku um að karlar megi ekki vera einir með börnum á leikskólum sýna að bylga tortryggni gagnvart körlum í kennslu yngri barna hefur farið af stað.

Í pallborðinu kom fram að enginn dómur hefur fallið um kynferðislegt ofbeldi í leikskóla á Íslandi, en allir verða að vera viðbúnir því að grunur eða

vissa um óviðeigandi háttsemi gagnvart börnum geti komið upp. Því er nauðsynlegt að undirbúa fyrirfram viðbrögðin ef slíkt mál kæmi upp, vanda hvert skref og leita ráða þeirra sérfræðinga sem best eru hæfir til að gefa þau. Aldrei má sá fræjum sem fá að vaxa í slúðri og leiða til dómstóls götunnar. Í leikskólum eins og öðrum skólum á að vera samfélag sem byggist á trausti og virðingu.

Myndin Jagten skilur eftir miklu fleiri spurningar en svör. Ein af þeim sem er ögrandi að glíma við er hvernig við hefðum brugðist við ef komið hefði í ljós að Lúkas hefði verið sekur. Hún vekur okkur til umhugsunar svo um munar og undirstrikar að lífið er línudans. Við, sem vinnum með litlum varnarlausum börnum, höldum áfram að skapa þeim gleðiríkt og öruggt umhverfi þar sem þau læra í leik undir handleiðslu fagfólks. Við höldum áfram og höfum fagmennsku og mannkærleik að leiðarljósi. Karlar og konur eru góðar manneskjur. Það eru örfáar undantekningar. Látum þær ekki stjórna lífi okkar.

Texti: Haraldur F. Gíslason og Ingibjörg Kristleifsdóttir.
Mynd: Bíó Paradís.



6 KRÓNUR Á ÞINNI STÖÐ

Með KÍ-dælykli Atlantsólíu fá félagsmenn 6 kr. afslátt.

Á afmælisdegi dælykilshafa veitir dælykill 10 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is





Ingibjörg Úlfarsdóttir.

Ert þú á leið á eftirlaun?

Kennari þarf að huga að mörgu áður en hann ákveður að hefja töku lífeyris. Ótal spurningar vakna um lífeyrinn, starfslokin og breytta aðild að KÍ og hvort áfram sé hægt að sækja um í sjóði KÍ. Hér verður fjallað um helstu atriði sem kennarar velta fyrir sér þegar kemur að þessum tímamótum.

HVENÆR GETUR KENNARI FARIÐ Á LÍFEYRI?

Innan KÍ eru margir hópar sem greiða í mismunandi lífeyrissjóði, þó flestir greiði í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga (LSS). Grunnskóla- og framhaldsskólakennarar eiga skyldu aðild að LSR, en margir leikskóla- og tónlistarskólakennarar eru í LSS. Lífeyrissjóðirnir halda utan um stöðu sinna sjóðfélaga og hægt er að hafa samband við þá til að fá upplýsingar um persónulega stöðu sína eða sækja um aðgang að sjóðfélagavef þar sem hægt er að skoða stöðuna.

Það er mismunandi eftir lífeyrissjóðum og deildum hvenær hægt er að hefja töku lífeyris. Sjóðfélagar B-deildar LSR og LSS geta hafið töku lífeyris 60 ára samkvæmt 95 ára reglunni, en 65 ára samkvæmt almennu reglunni. Sjóðfélagar í A – deild LSR og A og V – deildum LSS geta hafið töku lífeyris hvenær sem er á aldrinum 60 til 70 ára og þurfa

ekki að vera hættir störfum þegar lífeyristakan hefst. Þó ber að hafa það í huga að hefjist taka lífeyris fyrir 65 ára aldur kemur til skerðingar fyrir hvern mánuð fyrir þann aldur. Ef sjóðfélagi frestar töku lífeyris bætir hann hins vegar við lífeyrisrétt sinn fyrir hvern mánuð eftir að 65 ára aldri er náð.

HVAÐ ÞARF AÐ GERA?

Sækja þarf sérstaklega um að fara á lífeyri hjá þeim lífeyrissjóði sem síðast var greitt til, eða þar sem sjóðfélagi á mest réttindi, auk þess sem vinnuveitandi fyllir einnig út starfslokatilkyningu og sendir lífeyrissjóðnum. Umsóknareyðublöð má nálgast á vef lífeyrissjóðanna eða biðja um að fá þau send í pósti. Greiddur er skattur af lífeyrisgreiðslum eins og af launum og því þarf lífeyrissjóðurinn einnig að fá skattkort til þess að sjóðfélagi geti nýtt persónuafslátt sinn hjá sjóðnum. Afgreiðsla umsókna til lífeyrissjóðanna tekur um fjórar til sex vikur og þeir sem hafa verið á fyrirframgreiddum launum halda þeim rétti þegar taka lífeyris hefst.

Þegar grunn-, framhalds-, eða tónlistarskólakennari hefur töku lífeyris skiptir máli hvort hann var upphaflega september- eða ágústráðinn. Ágústráðnir segja upp fyrir 1. maí, septemberráðnir fyrir 1. júní. Í þeim tilfellum þar sem upphaf ráðningar miðast við skólaár

þá segir septemberráðinn kennari upp fyrir 1. júní, en hefur enga vinnuskyldu í ágúst og ágústlaun hans skulu vera eins og skólaárið á undan.

Ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins þeir sem eru orðnir 67 ára eiga mögulega rétt á ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og verður hver og einn að sækja um hann sérstaklega til stofnunarinnar. TR sendir öllum sem verða 67 ára bréf, ásamt eyðublaði fyrir umsókn og tekjuáætlun. Þó að starfsmaður haldi áfram að vinna eftir 67 ára aldur á hann mögulega rétt á ellilífeyri, en til skerðingar getur komið fari tekjur hans yfir ákveðin mörk. Afgreiðslutími ellilífeyris er um fimm vikur eftir að öll gögn hafa borist. Gott er að fara inn á vef Tryggingastofnunar og skoða reiknivél lífeyris, en hún gefur nokkuð glögga mynd af mögulegum rétti til ellilífeyris miðað við atvinnutekjur og/eða tekjur úr lífeyrissjóði.

FÉLAG KENNARA Á EFTIRLAUNUM

Þegar kennari hefur töku lífeyris breytist félagsaðild viðkomandi í KÍ. Kennarar á eftirlaunum, sem hafa fram að töku lífeyris verið félagsmenn KÍ, geta sótt um að verða félagar í FKE (Félagi kennara á eftirlaunum). Félagar í FKE fá senda Skólavörðuna og allan póst sem sendur er út á vegum félagsins og geta nýtt sér þjónustu Orlofsjóðs KÍ.

Lífeyrismál



Félag kennara á eftirlaunum fundar reglulega í Kennarahúsinu.

Félagar FKE fá til dæmis 30% afslátt í Ásabyggð fyrstu tvær vikurnar í júní og síðustu tvær vikurnar í ágúst sumarið 2013.

Réttindi í Sjúkrasjóði og endurmenntunarsjóðum falla niður þegar kennari hefur töku lífeyris, með þeirri einu undantekningu að skólastjórar og grunn-skólakennarar geta sótt um í Vonarsjóð allt að tveimur árum eftir að hætt er að greiða í sjóðinn fyrir þá.

Þeir kennarar sem ráðnir eru í hluta-störf eftir að taka eftirlauna er hafin og greiða áfram félagsgjöld njóta fullra félagslegra réttinda hjá KÍ og allra réttinda samkvæmt kjarasamningum.

Ef einhverjar spurningar vakna eftir þennan lestur, þá er ykkur velkomið að senda mér tölvupóst á netfangið ingibjorg@ki.is eða hringja hingað í síma 595 11 11.


Ingibjörg Úlfarsdóttir, sérfræðingur í kjara- og réttindamálum KÍ.

Myndir: Skólavarðan og Rán Bjargardóttir.

U15 myndvarpar eru frábær lausn til að fanga hluti og koma þeim til skila í tölvu, skjávarpa eða gagnvirkri töflu

Tengist USB og þarf ekki spennubreyti

Myndvarpar
Verð frá kr. 49.500.-



U15 tilboðsverð
kr. 49.500.-

Varmás - Skólavörur
Markholt 2, 270 Mosfellsbæ
Sími 566 8144

„Og er það ekki líka svona öfuga oft?“

Upplifun framhaldsskólanema á jafnrétti og femínisma.



Jakobína Jónsdóttir.

Greinin er byggð á rannsókn Jakobínu Jónsdóttur og meistaraþrófsritgerð hennar í kynjafræði frá Háskóla Íslands.

Hvaða merkingu leggja framhaldsskólanemar í hugtökin jafnrétti og femínisma? Hvaðan koma hugmyndir þeirra um hugtökin? Er munur á afstöðu þeirra til hugtakanna eftir því hvort þeir fá fræðslu um þau eða ekki? - Til að fá svör við þessum spurningum gerði Jakobína Jónsdóttir kynjafræðingur eigindlega rannsókn í nýu framhaldsskólum hér á landi, út frá sjónarhorni femínisma.

Jakobína tók tíu viðtöl við sextán framhaldsskólanema á aldrinum 16 til 20 ára, átta einstaklingsviðtöl og tvö rýnihópaviðtöl. Þeir komu úr nýu framhaldsskólum; Borgarholtsskóla, Verslunarskóla Íslands, Kvinnaskólanum, Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Hraðbraut, Menntaskólanum í Kópavogi, Fjölbrautarskólanum í Garðabæ og Flensborgarskóla. Rýnt var í viðtölin og hugmyndir þátttakenda um jafnrétti og femínisma greindar.

GAMLAR HUGMYNDIR LIFA GÓÐU LÍFI

Flestir nemendurnir töldu sig nánast ekki hafa fengið neina jafnréttisfræðslu í skólanum. Flestir töldu sig hafa fræðst um jafnrétti og femínisma gegnum fjölmiðla, samskiptamiðla, bleikt.is og kvikmyndir. Fimm þátttakendur sögðust þó hafa fengið jafnréttisfræðslu í skólanum en þeir höfðu þá ýmist kennara sem var femínisti (Bhs og Kvinnó), voru í róttækum skóla (MH) eða höfðu tekið kynjafræði sem valfag (Kvinnó). Mikill munur var á upplifun hugtaksins femínismi milli þeirra sem eingöngu höfðu fræðst í gegnum fjölmiðla, netmiðla og kvikmyndir og þeirra sem fengið höfðu fræðslu í skóla. Skólinn virðist því vera áhrifavaldur í því hvaða merkingu framhaldsskólanemendur leggja í hugtakið femínisma og nokkuð ljóst að skólarnir þurfa að taka sig á í jafnréttisfræðslunni.

Þegar birtingarmynd femínisma og femínista var skoðuð kom glögglega í ljós að flestir þátttakendur litu mun jákvæðari augum á jafnréttishugtakið en hugtakið femínisma. Útlit femínista bar oft á góma en gamlar hugmyndir um femínista og Rauðsokkur virðast enn lifa góðu lífi. Sem dæmi má nefna að Bjarnfreður, móðir Georgs Bjarnfreðarsonar í kvikmyndinni Bjarnfreðarson, var nefnd nokkrum sinnum á nafn í þessu tilliti.

FÆSTIR GERÐU SÉR GREIN FYRIR RÍKJANDI KYNJAKERFI

Mikið var rætt um „öfgar“ femínismans en svo virðist sem umræðan nú snúist mikið um að femínistar hafi gengið of langt og séu komnir út fyrir skynsamleg mörk. Þetta kallast á við kenningar um „styðjandi og mengandi kvenleika“ sem kynjafræðingarnir Connell og Shcippers hafa fjallað um ritum sínum um efnið. Femínistar eru nátengdir mengandi kvenleika en hann er einmitt talinn fara út fyrir skynsamleg mörk þar sem hann reynir að brjóta upp kynjakerfið. Styðjandi kvenleiki er hins vegar talinn menningarlega æskilegri því hann styður við kynja-

femínismi femínismi

kerfið og ráðandi karlmennsku þar sem karlar hafa valdið í samfélaginu. Til að styðja mál sitt um öfgar femínismans bentu flestir nemendurnir á mál sem fengu mikla gagnrýni í fjölmiðlum og bloggheimum á sínum tíma, t.d. grænu konuna á gangbrautarljósum, liti á fötum ungbarna á fæðingardeildinni og auglýsingabækling frá Smáralind.

Þátttakendur höfðu augljóslega ekki kynnt sér þessi mál til hlítar og því stafaði þessi sýn að miklu leyti af þekkingarskort. Það sýnir hversu varasamt það er að fræðslan komi einungis úr misvönduðum fjölmiðlum. Þá var mikið rætt um að femínistar vildu ná völdum af körlum; það væri markmið þeirra að tróna einir á toppnum. Fæstir virtust hins vegar gera sér grein fyrir ríkjandi kynjakerfi, fannst til að mynda eðlilegt að græni kallinn prýddi öll gangbrautarljós eingöngu af því þannig hafi það alltaf verið. Þetta sýnir hversu rótgróið kynjakerfið er í samfélaginu.

ÁGÆTIS JAFNRÉTTI HÉR Á LANDI?

Nemendurnir upplifðu jafnréttismál á Íslandi á mismunandi hátt. Margir þeirra vissu lítið sem ekkert um íslenska kvennabaráttu og héldu að jafnrétti kynjanna hefði hingað til og myndi alltaf koma með tímanum.

Aðrir vissu þó meira og gerðu sér fulla grein fyrir því að mikið hefði verið aðhafst í kvennabaráttu undanfarin ár og enn væri ýmislegt í gangi. Þegar rætt var um aðgerðir til að ná fram jafnrétti voru flestir ánægðir með feðraorlof og fannst það gott skref í jafnréttisbaráttu. Kynjakvóti var heldur umdeildari, en flestum fannst betra að komast hjá honum. Mikið var rætt um að fólk ætti að vera metið á eigin verðleikum, það ætti ekki að skipta máli hvors kyns viðkomandi væri, sá sem talinn væri hæfari ætti, t.d. að fá tiltekna stöðu. Margir virtust ekki gera sér grein fyrir þeim áhrifum sem staðalmyndir kynjanna hafa og því að kynjunum eru eignaðir mjög ólíkir eiginleikar. Því getur það að velja fólk í stöður eingöngu eftir „eigin verðleikum“ verið mjög vafasamt. Þeir sem hlotið höfðu fræðslu um femínisma í skólanum voru mun jákvæðari í garð kynjakvótans og virtust hafa meiri þekkingu út á merkingu hans en þeir sem ekki höfðu fengið fræðslu í skólanum. Mörgum þátttakenda þótti kynjakvóti óþörf aðgerð, en það er kannski ekki furða þar sem að mati flestra þeirra ríkir „ágætis“ jafnrétti hér á landi.

JAFNRÉTTI JÁKVÆÐARA HUGTAK EN FEMÍNISMI

Flestir þátttakendur lögðu ólíka merkingu í að vera jafnréttissinni og femínisti. Jafnréttissinni virtist hafa mun já-

kvæðara yfirbragð enda gátu næstum allir þátttakendur hugsað sér að kalla sig jafnréttissinna. Að kalla sig femínista var önnur sag en ellefu þátttakendur af sextán gátu ekki hugsað sér að kalla sig það. Þeir sem ekki höfðu fengið fræðslu um jafnréttismál í skólanum gátu ekki hugsað sér að kalla sig femínista. Sú neikvæða mynd sem dregin hefur verið upp af femínistum virðist hafa afgerandi áhrif og því þótti ekki eftirsóknarvert að kenna sig við femínisma en þeir sem höfðu fengið fræðslu í skóla gátu hugsað sér að kalla sig femínista. Það er því ljóst að því meira sem þátttakendur hafa lært um femínisma í skólanum því jákvæðari merkingu leggja þeir í hugtökin.

Niðurstöðurnar benda til þess að fræðsla í þessum málum skipti miklu máli varðandi upplifun og sýn á hugtökin, jafnrétti og femínisma. Því má álykta að fordómar gagnvart femínisma og femínistum þrífist að miklu leyti á vanþekkingu. Þó svo að skólarnir beri ekki alla ábyrgð á fræðslu nemenda er mikilvægt að skólarnir beiti sér í meiri mæli á þessu sviði og fylgi þá jafnframt lögum frá 2008 um markvissa jafnréttisfræðslu í skólum því jafnrétti kynjanna er nokkuð sem snertir velferð allra.

Texti: Jakobína Jónsdóttir.
Myndir: Jón Svavarsson.

Hanna Björg Vilhjálmstöttir kennari í Borgarholtsskóla með nemendum sínum í kennslustund um jafnrétti kynjanna.



SKILABOÐA- SKJÓÐAN

í Austurbæjarskóla

Skilaboðaskjóða foreldra í Austurbæjarskóla samanstendur af fjórum stöðluðum skilaboðum á tíu algengustu tungumálunum, en þau eru: enska, spænska, portúgalska, pólska, rússneska, króatíska, litháíska, tælenska, víetnamska og tagalog.

Ísland er fjölþjóðlegt samfélag. Þetta sést best í skólum eins og Austurbæjarskóla þar sem í einum og sama bekk geta verið nemendur af mörgum og ólíkum þjóðernum. Bak við hvern nemanda eru foreldrar eða forráðamenn sem sumir hafa ekki full tök á íslensku máli, en það getur orsakað ýmis vandkvæði. Í bekkjum þar sem hlutfall erlendra foreldra með takmarkaða íslenskukunnáttu er hátt getur verið snúið að koma áleiðis nauðsynlegum skilaboðum. Skilaboðaskjóðan er að einhverju leyti lausn á þessu. Hún er vefverkfæri sem varð til í Austurbæjarskóla og hefur það hlutverk að koma upplýsingum um bekkjarstarf til foreldra af erlendum uppruna.

Eitt helsta hlutverk foreldrafélaganna er að stuðla að góðri samvinnu heimila og skóla og leitast við að virkja alla til þátttöku. Skilaboðaskjóða foreldra í

Austurbæjarskóla samanstendur af fjórum stöðluðum skilaboðum á tíu algengustu tungumálunum en þau eru: enska, spænska, portúgalska, pólska, rússneska, króatíska, litháíska, tælenska, víetnamska og tagalog. Notendur prenta út tilkynningar af Skilaboðaskjóðunni um bekkjarstarf, foreldrafundi, vettvangsferðir eða boð í afmæli á viðeigandi tungumálum, krossa við eða skrá upplýsingar á eyðublað og nemandinn fær það svo með sér heim. Íslensk þýðing er við hvern lið.

Hugmyndin að Skilaboðaskjóðunni kviknaði út frá „Skilaboð frá skóla“ á reykjavik.is, en það eru eyðublöð sem margir skólastjórnendur og kennarar nýta sér til að koma skilaboðum frá skóla til foreldra af erlendum upp-

runa. Skilaboðaskjóðan var á heimasíðu foreldrafélags Austurbæjarskóla til reynslu, en er núna á heimasíðu Austurbæjarskóla og einnig aðgengileg á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Foreldrafélag Austurbæjarskóla fékk styrk frá Forvarna- og framfaraskjóði Reykjavíkurborgar 2010 til að útbúa skjóðuna. Fjölmenningssetur aðstoðaði við þýðingar.

Höfundar skjóðunnar eru Birgitta Bára Hassenstein sem á barn í Austurbæjarskóla og Ragnar Örn Jónsson, vefumsjónarmaður skólans.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Mynd: Ragnar Örn Jónsson.





Guðrún Halldórsdóttir verkefnisstjóri nýbúadeildar með nemendum sínum í Austurbæjarskóla.

**Það geta allir
notað golfkortið.
Til eru tvær gerðir
af golfkortinu.
Einstaklingskort
og
Fjölskyldukort**

Einstaklingskort kostar kr. 9,000,-

Fjölskyldukort kostar kr. 14,000,-
og gildir fyrir tvo fullorðna
og tvö börn 16 ára og yngri.

**Golfkortið veitir fría
spilun á
28 golfvelli
víðsvegar um landið.
Að auki gildir kortið
2 fyrir 1
á nokkra velli.**

Allar nánari upplýsingar
má finna á heimasíðu okkar
www.golfkortid.is



**Hægt er að nálgast
kortið á orlofsvef
kennarasambandsins**

Verðin á orlofsvef
Einstaklingskort kr. 7,000,-
Fjölskyldukort kr. 14,000,-

**30
Golfvellir
eitt kort**





Langförul og sífellt leitandi

Viðtal við Sigurbjörgu Magnúsdóttur deildarstjóra á leikskólanum Kópasteini.

Sigurbjörg Magnúsdóttir, eða Böggý eins og hún er kölluð, er borin og barnfædd í Kópavogi, ein þriggja systkina sem öll eru kennarar. Hún man eftir krökkum að sulla, byggja stíflur og veita vatni í ýmsa farvegi í forinni á götum Kópavogsbæjar. Löngu seinna var malbikað og krakkarnir fóru í öruggt skjól á leikskóla.

Í jólafríinu 1962 vann Sigurbjörg, þá táníngur að aldri, í eldhúsinu á Kópavogshæli. Þar starfaði þá kona sem var nýhætt að vinna á leikskólanum Laufásborg. Sigurbjörg spurði hana hvernig hún hefði getað hætt að vinna með börnum sem væru svo yndisleg. Þessi kona sagði síðan forstöðukonunni á Laufásborg frá þessari stúlku í eldhúsinu á Hælinu, og fitjaði þannig upp á örlagaþræði sem átti eftir að vinda upp á sig.

Sigurbjörg fékk vinnu á Laufásborg sem ófaglærð starfsstúlka um skeið, en framtíðin var enn óráðin. Föðursystir Sigurbjargar lét hana heyra að það væri nú ekki merkilegt ævistarf að snýta og skeina. Það varð til þess að Sigurbjörg prófaði að starfa á bæjarskrifstofum Kópavogs. Þar hafði hún útsýni í norður og við blasti dagheimilið Kópasteinn, sem bókstaflega togaði í hana. Hún hleypti síðan heimdraganum og fór í Lýðháskóla í Noregi sem varð mikil og góð lífsreynsla. Sigurbjörg giftist Hákonu Ísakssyni 1968 og eignaðist þrjú börn. Hákon hefur lengst af verið stýrimaður og skipstjóri og hún því oft verið „grasekkja“. Núna er Sigurbjörg leikskólakennari og deildarstjóri á Dvergholti, einni fjögurra deilda á Kópasteini sem var fyrsta dagheimilið í Kópavogi, en heitir nú auðvitað leikskóli. Kópasteinn hóf starfsemi árið 1964 og nú stunda 76 leikskólabörn nám þar.

FAGRAR BYGGINGAR OG MENNINGARSTOFNANIR

Kópasteinn stendur í ákaflega fallegu umhverfi í hjarta bæjarins. Kópavogskirkja er á hæðinni fyrir ofan og Listasafn Gerðar Helgadóttur á næsta leiti sem og tónlistarhúsið Salurinn. Þá er Borgarholtið allt um kring, með nýju safnaðarheimili Kópavogskirkju. Stórgrýtt urð nær frá hæðinni inn á sjálfa leikskólalóðina og ekki fráleitt að þar leynist álfabyggð eins og víðar í Kópavogi. Börnin þurfa því ekki að fara langt til að upplifa fagurt útsýni, fallegar byggingar og menningu. Vettvangsferðir eru tíðar í Gerðarsafn, Náttúrufræðistofu og bókasafnið.

KENNARANÁMIÐ BREYTTI ÖLLU

Eftir að hafa verið ófaglærður starfsmaður á Laufásborg og Kópasteini dreif Sigurbjörg sig í nám, þegar hún var komin hátt á fertugsaldur, til að öðlast full réttindi sem leikskólakennari. Hún var spurð hverju það hefði breytt og lagði áherslu á orð sín þegar hún svaraði: „Það breytti öllu. - Ég öðlaðist öryggi og sjálfsmýndin styrktist mikið.“

Sigurbjörg var innt eftir því hvernig starf leikskólakennara hefði þróast síðan hún kynntist því fyrst. „Starf leikskólakennara sem slíkt hefur ekki breyst svo mjög síðan ég hóf störf,“ segir hún. „Börn eru alltaf börn. Þau hafa alltaf sömu þarfirnar. Það sem hefur einkum breyst er samsetning foreldrahópsins. Hún er allt önnur nú en áður var. Þegar ég var að byrja að vinna á dagheimilum voru börnin

„Þegar ég var að byrja að vinna á dagheimilum voru börnin synir og dætur einstæðra mæðra eða námsmanna. Nú er miklu meiri breidd í foreldrahópnum og foreldrarnir taka mun meiri þátt í starfi okkar.“

„Við verðum líka að minnst þess að við erum fyrirmyndir, einkum í gerðum okkar. Eftir fimmtíu ára starf í leikskóla er það niðurstaða mín að þessu megum við aldrei gleyma.“



SULLA, BYGGJA STÍFLUR OG VEITA VATNI

Sigurbjörg fór með Hákonni að sækja ný skip sem byggð voru í borginni Saiki í Japan. Á göngu sinni um borgina eitt sinn sá hún hús sem hún var viss um að væri leikskóli, og það var vissulega raunin. Hún bankaði upp á og var boðin velkomin þótt tungumálaörðugleikar væru fyrir hendi. Hún fékk að fylgjast með starfinu hluta úr degi og skoða skólann. Hún komst að því að kollegarnir í Japan unnu að mörgu leyti líkt og hún og samstarfsfólkið heima. Aginn á leikskólanum var þó öllu meiri en hún átti að venjast, en þrátt fyrir það var þakklur úti í horni í fýlu eins og gerist og gengur á öllum heimsins leikskólum. Leikskólagjöldin voru tekjutengd. Allir voru í inniskóm og börnin sátu á gólfinu við lág borð. Þau fengu tuskudýr í fangið í hvíldinni og það var sungið, alveg eins og hér. Á útisvæðinu sá hún samt nokkuð sem heillaði hana. „Börnin í Saiki fengu að leika sér að vatni. Þau voru að sulla, byggja stíflur og veita vatni í farvegi eins og krakkarnir í Kópavoginum gerðu á sjötta áratugnum,” segir Sigurbjörg og hlær. „Þetta langar mig mjög mikið til að taka upp hér á Kópasteini. „Við höfum sótt um að tekið verði neðan af rennum til að fá þannig vatn handa krökkunum til að leika með. Vonandi tekst það.“

Að lokum var Sigurbjörg spurð hvaða veganesti hún gæfi ungum leikskólakennara sem fetar sín fyrstu skref út í lífið. „Það verður að hafa gaman af börnum. Það er líka nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að starfið er mjög krefjandi. Það er erilsamt og getur tekið á taugarnar. Þegar ég var með börnin mín þrjú lítil og vann hér, þá var það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim að slökkva á öllu áreiti. Þá vildi ég fá ró og frið eftir áreiti dagsins,” segir Sigurbjörg og brosir. „Við verðum líka að minnast þess að við erum fyrirmyndir, einkum í gerðum okkar. Eftir fimmtíu ára starf í leikskóla er það niðurstaða mín að þessu megum við aldrei gleyma.“

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Myndir: Jón Svavarsson.

synir og dætur einstæðra mæðra eða námsmanna. Nú er miklu meiri breidd í foreldrahópnum og foreldrarnir taka mun meiri þátt í starfi okkar. Foreldraráð leggja ýmislegt af mörkum við stefnumótun og daglegt starf og það er mjög jákvætt. Foreldrarnir hafa áhrif á starf okkar og þar með líf og þroska barna sinna.

Við höfum líka mun betri efnivið til að vinna með nú en áður. Við vinnum t.d. markvisst með tónlist hér á Kópasteini. Við höfum haft tónlistarkennara í mörg ár. Yfirleitt er einn tími á viku og unnið með takt, hreyfingu og hlustun, auk þess sem börnin fá að kynna alls konar hljóðfærum og læra vísur. Söngur og upplifun gegnum tónlist er stór þáttur í daglegu starfi hér. Tónlistin er kannski rauði þráðurinn sem tengir aðra þætti í starfinu eins og sköpun, tjáningu og margt fleira.“

LAUNAKJÖR LEIKSKÓLAKENNARA TIL SKAMMAR

Barnafjöldinn er of mikill og deildirnar eru of stórar, að mati Sigurbjargar. „Það væri mjög til bóta að minnka deildirnar. Það er ekki nauðsynlegt að fækka nemendum á hvern kennara frá því sem nú er, en það þarf að koma í veg fyrir að myndist massi. Það er erfitt.“ Um laun leikskólakennara sagði hún að þau væru allt of lág og útilokað að lifa af þeim. „Launin okkar eru til skammar og þau verður að bæta svo um munar. Það er fráleitt að manneskja í fullu starfi þurfi að treysta á laun maka síns til að komast af.“

ÞAÐ MÁ LÆRA SVO MARGT AF ÖÐRUM

Samstarfskona Sigurbjargar lýsti henni svo: „Böggý er einstakur kennari, hefur alla tíð verið opin og leitandi í sínu fagi, en þó haldið í góðar dyggðir og kennsluáferðir. Hún hefur einstakt lag á börnum sem þurfa „mikið“ og af þeim er nóg í dag! Það er ljóst að í Böggý býr einstök glóð sem vert væri að koma á framfæri við yngri kennara, alltaf hefur hún viljað skólanum sínum það besta og verið öflug í faglegu starfi og góð fyrirmynd.“ Glóðin sem hér er nefnd leyndi sér ekki, þótt spjall okkar Sigurbjargar væri einungis stutt viðtal. Hún sagði að hún og samstarfsfólkið á Kópasteini notuðu öll tækifæri sem gæfust til að mennta sig, sækja námskeið, ráðstefnur og kynna sér starf leikskóla annars staðar, þess vegna í öðrum löndum. „Kennarasambands Íslands styrkir okkur til að fara utan og við notum öll tækifæri til að heimsækja starfssystkini í öðrum löndum. Það vikkar sjóndeildarhringinn. Það má læra svo margt af öðrum.“

En Sigurbjörg notar einnig önnur tækifæri til að mennta og þróa sjálfa sig sem fagmann. Nú kímur hún og segist búa við ákveðin forréttindi. „Það eru svo margar mótsagnir í lífinu. Þegar ég var ein á vaktinni með börnin mín þrjú var ég „aumingja Böggý“, en þegar mér bauðst að sigla um öll heimsins höf með eiginmanninum í fríum var ég orðin dekurrofa! - Ferðalögin eru ríkuleg laun fyrir allt grasekkjustandið gegnum árin!“ segir Sigurbjörg og hlær, en hún hefur m.a. siglt til Alaska og Ástralíu og komið á staði sem venjulegir ferðamenn fara alla jafna ekki til. Hún segist t.d. hafa séð staði á Spáni þar sem fáir eru aðrir en innfæddir og það hafi verið mjög áhugavert. En allir staðir eru að hennar mati merkilegir, hver á sinn hátt.



A sveit Skólahljómsveitar Kópavogs.
Stjórnandi: Össur Geirsson.



Maria Koroleva, söngnemandi við
Söngskólann í Reykjavík.

Nótan

uppskeruhátíð tónlistar- skóla haldin í fjórða sinn

Tónlistarmyndbönd eru eitt helsta skemmtiefni barna í sjónvarpi. Flest flytja þau popptónlist eða tónlist sérsniðna að ýmiss konar barnaefni. Hlutur tónlistarskól-
nemenda á þessum vettvangi er hverfandi þrátt fyrir að þúsundir barna á Íslandi
séu dyggir aðdáendur og flytjendur tónlistar. Ein helsta staðfesting þess er Nót-
an, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, sem haldin er í Eldborgarsal Hörpu ár hvert.

NÓTAN Í SJÓNVARPIÐ

Ríkisútvarpið gerði þátt um hátíðina í fyrra, en hann var ekki settur á dagskrá
fyrir en tæpu ári síðar og var þá sendur út eftir kvöldfréttir. Þetta þótti undarleg
tímasetning og ekki nægilegt tillit tekið til þeirra sem líklegastir voru til að horfa á
efnið með mikilli eftirvæntingu. Fulltrúar Félags tónlistarskólakennara höfðu því
samband við dagskrárdeild Ríkissjónvarpsins og lögðu til að efnið yrði betur nýtt,
t.d. með því að búa það niður og sýna það í smærri skömmtum. Hugmyndin
mæltist vel fyrir hjá RÚV sem lét í ljós áhuga á að sýna myndskreið af atriðum
Nótunnar eins og hver önnur tónlistarmyndbönd. Margir hafa sýnt efninu áhuga
og flutningur ungu hljóðfæraleikaranna þykir standa mjög vel fyrir sínu. Sýning
efnisins eykur menningarlega breidd þeirrar tónlistar sem börnum og ungmenn-
um er sýnd í sjónvarpi og það er vel. Fólk á öllum aldri hefur látið í ljós ánægju
sína yfir efninu frá Nótunni og því er ástæða til að sýna það ekki einungis börnum
og ungmennum heldur hafa það inn á milli liða í almennri dagskrá sjónvarpsins.



Edda Lárusdóttir þverflautuleikari úr Tónlistarskólanum í Reykjavík hlaut farandgrip Nótunnar fyrir besta atriði hátíðarinnar 2013.



Anna Kristín Einarsdóttir, formaður valnefndar og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningar- málaraðherra, afhenda Tómasi Orra Örnólfssyni, sellónemanda við Tónskóla Sigursveins, verðlaun í grunnnámi.



Hljómsveit píanómemenda frá Ísafirði.

ÁHRIFAMIKIÐ ÞROSKATÆKI

Nótan er nú óðum að festa sig í sessi sem mikilvægur listrænn viðburður í menningarlífi landans. Margir fylgjast grannt með og þátttaka barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra er mikil og uppbyggileg lífsreynsla. „Áhrif þess að taka þátt í atburði af þessu tagi eru geysilega mikil,“ sagði Sigrún Grendal formaður FT. „Ungmennin eru að skapa, en sköpun er ein af grunnstoðunum í nýrri menntastefnu okkar. Nú er horft til aðferða listanna þegar verið er að byggja upp menntun 21. aldar. Ferlið frá hugmynd til lokaafurðar er svo lærdómsríkt og samvinnan er svo gefandi. Það gladdi mig að ég fékk póst frá föður sem þakkar fyrir þá hvatningu sem dóttir hans fékk við að taka þátt í Nótunni. Hann sagði að hún hafi verið henni lyftistöng á margan hátt. Að koma fram undir merkjum tónlistarskóla hefði veitt henni tækifæri til að koma fram fyrir mun stærra hópa en áður og Nótan hefði átt sinn þátt í framförum hennar. Hann sagði það mikils virði fyrir ungdóminn að skila langvinnu verkefni sem margir hlustendur hlýða síðan á og njóta. Það styrkti þau í iðkun sinni og efldi á marga lund.“

Annað dæmi um áhrif Nótunnar segir af móður sem var í háskólanámi. Drengurinn hennar tók þátt í svæðistónleikum Nótunnar. Hann kom fram fyrir troðfullu húsi og flutti atriðið sitt öruggur og sæll. Hún heillaðist svo af því hvaða áhrif það hafði á strákinn sinn að hún reifaði þá hugmynd að gera rannsókn og vinna úr henni lokaverkefni sitt.“

NÓTAN 2013

Nótan 2013 var að mestu leyti með sama sniði og fyrri hátíðir. Skipulag og grunnhugsun byggist á því að þátttakendur séu á öllum aldri, alls staðar að af landinu

og að efnisskráin endurspegli ólík viðfangsefni á öllum stigum tónlistarnámsins. Hundrað fimmtíu og fimm nemendur flytja tuttugu og fjögur atriði frá tuttugu tónlistarskólum. Þær breytingar verða þó í ár að í tilefni af opnun Ísmús, gagnagrunns með íslenskum músik- og menningararfi, ákváðu Tónlistarsafn Íslands og Nótan að taka höndum saman og hafa íslenskan tónlistar- og menningararf í brennidepli á Nótunni í ár. Atriði í viðurkenningarflokknum „frumsamið og eða frumlegt“ verða þar af leiðandi að tengjast íslenskum tónlistar- og menningararfi og tengjast Ísmúsvefnum. Allir þátttakendur á svæðistónleikum Nótunnar fá viðurkenningarskjól fyrir þátttöku. Valnefnd veitir níu framúrskarandi atriðum á hverjum svæðistónleikanna sérstök viðurkenningarskjól

Uppskeruhátíð



Málmblásarasveit úr Lúðrasveit Æskunnar frumflutti „Nótutón“ lúðrakall Nótunnar við upphaf viðburða. Tryggvi M. Baldvinsson samdi verkid fyrir Nótuna.

og öll níu atriðin munu nú fá smærri útgáfu verðlaunagrips Nótunnar. Áður fengu einungis þau atriði verðlaunagrip sem öðluðust þátttökurétt á loka-tónleikum Nótunnar.

AÐ FJÖLGA NÓTUM

„Ég horfði á söngvakeppni Samfés, félagasamtaka félagsmiðstöðva á Íslandi, í sjónvarpinu fyrir stuttu,“ sagði Sigrún. „Það var frábært að sjá hvað krakkarnir gera sjálfir og vinna algerlega í anda nýrrar menntastefnu. Þarna voru dæmi um ungmenni að skila af sér listrænni afurð sem þau höfðu unnið út frá hugmynd, þróað hana og þroskað og náð að gera hana að sjónvarpsefni. Það er ekki lítill skóli“. Hún bætti við að sér hefði dottið í hug að færa mætti út mörk skólastiga, eins og skólastefna KÍ gerir ráð fyrir, með því að nota fyrirkomulag Nótunnar og opna fyrir aukið samstarf. Hún sagðist sjá fyrir sér að leikskólinn og grunnskólinn gætu komið sér upp sínum „Nótum“. Leiknótan og Grunnnotan gætu unnið saman þvert á skólastigin og haldið glæsilega viðburði í anda Nótunnar. Þannig mætti opna fyrir samstarfsmöguleika og leggja farveg fyrir nýjar tengingar og nútímalegar leiðir til að mennta ungmenni.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Myndir: Jón Svavarsson.

Faghandleiðsla fyrir kennara og námsráðgjafa



Handleiðsla er líkleg til að stuðla að vellíðan í starfi. Hún er fyrirbyggjandi þáttur varðandi starfsþreytu, skerpir markmiðssetningu og eflir samskiptahæfni. Nýttu þér rétt þinn til handleiðslu, sbr. 3. gr. í úthlutunarreglum sjúkrasjóðs frá 1.des 2005.

Guðrún H. Sederholm
MSW fræðslu – og skólafélagsráðgjafi,
námsráðgjafi og kennari.

Lundur 92, 200 Kópavogur / S: 5544873 / Gsm: 8645628
gsed@simnet.is

Gaman saman með nótum og táknum



Þetta eru tveir mismunandi tónlistarstokkar. Þessi skemmtilegu spil eru fyrir unga sem aldna, börn og foreldra, nemendur og kennara. Þau byggjast á því að læra helstu undirstöðutákn og nótur í tónlist í gegnum leik, t.d. hvar nótturnar eru staðsettar á G- og F- lyklum á fjóra mismunandi vegu. Þetta er nokkuð sem vefst oft fyrir tónlistarnemendum í byrjun og þó foreldrar séu gjarnan áhugasamir um að hjálpa segjast þeir ekki hafa kunnáttu til þess. Nú er engin fyrirstaða lengur því allir geta lært með þessum spilum, og ekki bara nótturnar, heldur öll helstu táknin sem koma fyrir á fyrstu árunum. Hægt er að spila samstæðuspil, veiðimann, Ólsen-Ólsen og ýmislegt fleira. Spilin henta fyrir breiðan aldurshóp og í rauninni fólki á öllum aldri, frá ung börnum til öldunga.

Höfum gaman var stofnað árið 2010 með það að markmiði að búa til skemmtilegt tónlistarefni fyrir börn á aldrinum tveggja til átta ára. Höfundur efnisins er Linda Margrét Sigfúsdóttir tónmennta- og tónlistarkennari. Höfum gaman gaf út Gaman saman með Pétri og úlfnum, Gaman saman með Karnivali dýranna, Tónlistarprautir bók 1 og þýddi og útfærði bókina Við spilum og leikum við litlu börnin, sem Námsgagnastofnun gaf út. Í kjölfar útgáfu bókanna var boðið upp á námskeið til að fylgja efninu eftir; þriggja

tíma námskeið fyrir starfsfólk skóla og sex til átta vikna námskeið fyrir börn og starfsfólk leikskóla. Skólar hafa t.d. nýtt starfsdaga fyrir námskeiðin.

Höfundurinn kennir börnunum þulur, ýmis hreyfilög og lög tengd hljóðfæra-vinnu. Kennslan byggist mikið upp á leik enda áhrifaríkast og skemmtilegast að kenna börnum þannig, að sögn Lindu. Ýmsir fylgihlutir eru notaðir til að gera kennsluna sjónræna og lifandi, þannig að börnin upplifi tónlistina á jákvæðan og skemmtilegan hátt.

Linda Margrét býður líka upp á 6 vikna tónlistarnámskeið fyrir tveggja til fimm ára börn og foreldra þeirra, byggð upp á svipaðan hátt og í leikskólanum en sniðið að því að foreldrar og börn vinni saman í gegnum leikinn. „Við förum með þulur og syngjum lög sem hafa það að markmiði að læra að telja, þekkja litina, þekkja líkamann, húsdýrin okkar og margt, margt fleira. Þetta eru afskaplega notalegar gæðastundir og sumar fjölskyldur hafa nýtt sér það að koma á öll 5 námskeiðin,“ segir Linda. Nánari upplýsingar má finna á vefnum: hofumgaman.is.



Nýjasta
tónlistarefnið
frá „Höfum
gaman“ heitir
Gaman saman
með nótum
og táknum.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Myndir: Linda Margrét Sigfúsdóttir.



TRÚNAÐARMAÐUR – fulltrúi og einkavinur?!

FULLTRÚI HVERS?

Í hverjum skóla kjósa félagsmenn hvers stéttarfélags einhvern úr sínum hópi til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Félagslegur trúnaðarmaður vinnur því fyrir félagsmenn síns aðildarfélags á vinnustaðnum og félagið ber ábyrgð á honum gagnvart vinnustaðnum.

Öryggistrúnaðarmaður getur hins vegar verið hvaða starfsmaður skólans sem er, óháð stéttarfélagi, og er kosinn af öllum starfsmönnum, fyrir utan stjórnendur, í þeim skólum þar sem starfa tíu eða fleiri. Öryggistrúnaðarmaður vinnur fyrir alla starfsmenn skólans. Ef starfsmenn eru færri en tíu sér atvinnurekandi um verkefni öryggistrúnaðarmanns, í samstarfi við starfsmenn og félagslegan trúnaðarmann. Félagslegur trúnaðarmaður er kosinn þar sem félagsmenn á vinnustað eru fimm eða fleiri. Ef þeir eru færri en fimm geta þeir skráð einn úr sínum hópi sem tengilið hjá KÍ.

HLUTVERK TRÚNAÐARMANNA

Félagslegur trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélags á vinnustaðnum og

fylgist með að farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga og réttur starfsmanna sé virtur. Hann er tengiliður félagsins og félagsmanna á vinnustað, kemur fræðslu og öðru efni á framfæri, aðstoðar við að koma málum í farveg o.fl.

Öryggistrúnaðarmaður er fulltrúi starfsmanna á vinnustaðnum og fylgist með því að lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað séu virt. Í því felst þátttaka í gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd. Hann hefur m.a. eftirlit með því sem kemur að vinnuvernd og gerir tillögur eða kröfur til úrbóta.

MINN EÐA ÞINN SJÓHATTUR?

Félagslegur trúnaðarmaður skal sjá um undirbúning og framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanna skv. reglugerð nr. 920/2006. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að félagslegur trúnaðarmaður taki á sig viðfangsefni öryggistrúnaðarmanna. Ekki er mælt með því að sami einstaklingur sinni báðum hlutverkum.

Vinnuvernd snýst um öryggi og heilbrigði starfsmanna – þar á meðal samskipti og vellíðan. Í samskiptum starfsmanna er oft rökrætt um málefni sem tengjast aðbúnaði og kjaramálum. Hér skarast því oft störf félagslegra trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna þar sem málsatvik geta varðað verksemi beggja trúnaðarmanna.

Þess vegna er mjög mikilvægt að þessir tveir aðilar eigi gott samstarf á vinnustaðnum. Þeir verða að ræða málin og hjálpast að við að veita sínum umbjóðendum, þ.e. starfsfólki skólans, viðeigandi ráðleggingar og aðstoð.

EINN HLEKKUR Í KEÐJUNNI!

Það er gott að hafa í huga að félagslegur trúnaðarmaður og öryggistrúnaðarmaður eru hvor um sig einn hlekkur í keðjunni. Þeir vinna í samstarfi við yfirmenn, samstarfsmenn, aðra trúnaðarmenn og öryggisverði. Félagslegur trúnaðarmaður starfar einnig með for mönnum og starfsmönnum KÍ.




Hvað er trúnaðarmaður?
Orðið er samheiti
orðanna: eftirlitsmaður,
fulltrúi, umboðsmaður,
umsjónarmaður eða
einkavinur skv. Íslenskri
samheitaorðabók.

Trúnaðarmaður er því
einstaklingur sem kemur
fram fyrir hönd þess
sem hefur valið hann til
að vera sinn fulltrúa.

Trúnaðarmaður er tengiliður. Hann
hlustar, miðlar upplýsingum og að-
stoðar við að leita úrlausnar. Hann er
hlutlaus þriðji aðili. Trúnaðarmaður á
hvorki að vita allt né geta svarað öllu
strax. Hver og einn sinnir trúnaðar-
mannastarfinu eftir bestu getu.

Ítarlegri upplýsingar um hlutverk, rétt-
indi og skyldur félagslegra trúnaðar-
manna og öryggistrúnaðarmanna má
finna á ki.is, undir Um KÍ og Trúnaðar-
menn.

Texti: Hafdís D. Guðmundsdóttir.
Myndir: Ingi Jenson.



HÁSKÓLI ÍSLANDE
MENNTAVÍSINGASVIÐ

Námskeið í vor

Símenntunarnámskeið ætluð kennurum:

Sköpun; framtíð menntunar og náms
10. júní. Kennari Ed Sobey

Stærðfræðinám og kennsla og grunnþættir
menntunar 12. júní.
Kennarar Jónína Vala Kristinsdóttir, Kristín
Einarsdóttir og Kristjana Skúladóttir.

Náttúrufræði og grunnþættir menntunar, tvö
námskeið 24. maí eða 31. maí. Kennarar
Auður Pálsdóttir og Allyson McDonald.

Skráning fer fram á
heimasíðu SRR

Upplýsingar í
síma http://vefsetur.hi.is/srr
525 - 5983

Að vera með í skóla og samfélagi



Ólafur Páll Jónsson.
Mynd: Jón Svavarsson.

Ólafur Páll Jónsson
dósent í heimspeki á
Menntavísindasviði HÍ.

Leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar eru almennir skólar sem þorri barna og ungmenna sækir. Þetta er fjölbreytilegur hópur og því má kannski segja að allir skólar, óháð skólaflokkum, séu „skólar margbreytileikans“. Í sama skilningi er samfélagið okkar líka „samfélag margbreytileikans“, óháð allri pólitík, þar sem því tilheyrir fólk af ýmsu tagi. En málið er samt ekki alveg svona einfalt. Þessi lágmarksskilningur er ekki það sem skólaflokkurinn „skóli margbreytileikans“ eða „skóli án aðgreiningar“ vísar til.

Við þekkjum það flest að hafa verið í hópi, á fundi eða í samkvæmi, en verið einhvern veginn á skjön, jafnvel einmitt vegna þess að við vorum á einhvern hátt öðruvísi – sú staðreynd að við jukum við margbreytileika hópsins var þá ástæðan fyrir því að við lentum á jaðrinum. Slíkt getur verið vandræðalegt á meðan það varir, en oftast lýkur því af sjálfu sér.

Í augum sumra barna er skólinn svona staður. Þau mæta á morgnana og dúsa á jaðrinum allan daginn á stað þar sem þau eiga ekki heima. Þau eru vissulega á staðnum, en taka þau þátt í lífi skólans sem vitsmunaverur eða siðferðisverur?

LÝÐRÆÐISLEGUR SKÓLI ER STAÐUR ÞAR SEM ER PLÁSS FYRIR ÓSÆTTI

Lýðræði í samfélagi gerir ráð fyrir því að allir séu með, ekki bara efnislega heldur líka vitsmunalega og siðferðilega. Hvenær sem við tölum um að einhver sé með eða útilokaður, þá getum við spurt: Hvernig? Í hvaða skilningi? Það er mikill munur á því að vera með í þeim skilningi að fá að vera efnislega til staðar eða að vera með og fá að láta skoðanir sínar í ljósi. Þess vegna er líka

lagt mikið upp úr því í mörgum kenningum um lýðræði að fólk fái að tjá skoðanir sínar. Það eitt og sér er þó ekki nóg til að vera fyllilega með. Það er mikill munur á því að fá að tjá skoðanir sínar og því að hlustað sé á mann. Það er heldur ekki nóg að á mann sé hlustað, því það þarf líka að taka mark á manni.

Að taka mark á einhverjum er ekki það sama og að vera sammála honum; nemandi þarf ekki að vera sammála kennara þótt hann bæði hlusti og taki mark á honum. Lýðræðislegur skóli er staður þar sem lögð er rækt við lýðræðislega hegðun, þar sem er pláss fyrir ósætti, þar sem óskir, langanir og þarfir geta stangast á án þess að starfinu sé stefnt í uppnám. Í lýðræðislegum skóla er margbreytileikinn ekki agnúi, heldur þvert á móti tækifæri til að læra af.¹

AÐ NÁLGAST NEMENDUR SEM VITSMUNA- OG SIÐFERÐISVERUR

Í lýðræðislegum skóla hefur valdi ekki verið útrýmt, en því eru settar skorður; það er takmarkað af kennivaldi skynseminnar. Sérhverja ákvörðun, sem varðar hag annarra, verður að styðja skynsamlegum rökum, sem allir geta kannast við að séu rök í málinu, jafnvel þeir sem eru þeim ósammála. Kennari sem vanrækir þessa kröfu og gengur fram í krafti stöðu sinnar nálgast ekki nemendur sína sem vitsmuna- og siðferðisverur, og útilokar þá þar með sem aðila að sameiginlegu lærdómssamfélagi.

LÝÐRÆÐISLEGUR SKÓLI VERÐUR AÐ TENGJA SAMAN VITSMUNI OG SIÐFERÐI

Skóli sem skilgreinir fræðslu sem grundvallarstarfsemi sína getur vissulega byggt upp einhvers konar þekk-

ingarsamfélag, en hann verður ekki lærdómssamfélag. Það samfélag sem skólinn myndar með þátttöku kennara og nemenda getur snúist um þekkingaröflun og þekkingarsköpun, en gerir hins vegar lítið úr nemendum sem einstaklingum sem hafa dómgreind og eru færir um að meta hvað sé áhugavert, hvað sé mikilvægt og hvað sé sanngjart.

Nemendur í skóla sem er þekkingarsamfélag en ekki lærdómssamfélag eru sífellt í stöðu þiggjenda, jafnvel þótt kennslan sé verkleg og þematengd. Vitsmunageta þeirra er virkjuð en siðferðileg dómgreind þeirra er afþökkuð. Lýðræðislegur skóli verður að tengja þetta tvennt saman: vitsmunina og siðferðið. Lærdómssamfélag byggist á siðferðilegum grunni og hefur bæði vitsmuna- og siðferðilegan þroska og vöxt manneskjunnar að markmiði.

STARFIÐ Í SKÓLASTOFUNNI VERÐUR AÐ VERA LÝÐRÆÐISLEGT

John Dewey lagði áherslu á að skóli sem vildi standa undir nafni yrði að vera samfélag þar sem sameinast væri um markmið starfsins. Þetta samfélag yrði auk þess að vera lýðræðislegt vegna þess að einungis slíkt samfélag gerði nemendum, ekki síst börnum, kleift að sækja í það þann þroska og vöxt sem réttilega kallaðist menntun.

Stjórn skóla er sérfræðiverkefni og þótt raddir nemenda þurfi vissulega að heyrast þar verður hún ekki gerð að sameiginlegu viðfangsefni alls skólansamfélagsins. Skóli sem samfélag er ekki lýðræði, en getur eftir sem áður

verið lýðræðislegur. Að því marki sem skóli er lýðræðislegur er hann það vegna þess hvernig lífið í skólanum er. Þess vegna verður skóli ekki lýðræðislegur nema hversdagslegir starfshættir skólans séu það. Allt starfið í skólastofunni, daglegt samstarf nemenda og kennara, bæði hið smæsta og hið stærsta, verður að vera lýðræðislegt.

ÞEKINGARSAMFÉLAG EÐA LÆRDÓMSSAMFÉLAG

Sú staðreynd að í skóla eigi börn að læra og fræðast yfir undir þá hættu að skólinn verði þekkingarsamfélag frekar en lærdómssamfélag. Kennurum liggur á að komast yfir efni og gefa sér kannski ekki tíma til að skapa nemendum rými sem siðferðilegum verum. Hér komum við að enn einu atriðinu sem getur komið í veg fyrir að nemendur séu fyllilega með í skólanum. Það er ekki alltaf tími til að hafa þá með sem einstaklinga sem eiga sér líf. Þessu er lýst ágætlega í nýrri bók eftir bandaríska fræði- og skólamaninn Marvin Berkowitz. Bókin heitir Þú getur ekki kennt í gegnum rottu. Titillinn er dreginn af eftirfarandi samtali kennara og nemanda:

Kennari: Jæja krakkar, opnið nú bækurnar ykkar. Hver getur sagt mér hvert við vorum komin í gær? (Einn nemandi réttir í ákafa upp höndina).

Kennari: Já, Kristján.

Kristján: Bróðir minn á gæludýr sem er rottu!²

Allir kennarar kannast við nemendur eins og Kristján, því hann er ósköp venjulegur nemandi. Eins og aðrir nemendur er hann stundum upptekinn af einhverju sem fyrir honum er miklu áhugaverðara en það sem stendur í kennslubókunum, í þessu tilviki rottu. Hún er svo kyrfilega þrykket á heilann í Kristjáni að vonlaust er að hann læri nokkuð af kennslubókunum fyrir en hún hefur vikið til hliðar.

AÐ HUGSA FREKAR EN AÐ MUNA

Oft er sagt að skólinn sé undirbúningur fyrir lífið. En skólinn er líka hluti af lífinu, og raunar getur hann alls ekki verið undirbúningur fyrir lífið nema með því að vera hluti af því. Skólinn verður að taka mið af því að nemendur eiga sér líf, bæði fortíð, nútíð og framtíð.

Í alla skóla mæta nemendur með rottur á heilanum. Að eiga sér líf þýðir að maður verður upptekinn af hinu og þessu – að minnsta kosti annað slagíð. Kennari verður að vita að nemendur mæta stundum með rottu á heilanum, hann verður að geta áttað sig á því hvenær nemandi er með rottu á heilanum, og loks verður hann að hafa einhverjar leiðir til að losna við hana. En kennarinn getur ekki skipað nemanda að losna við rottuna, og hann getur ekki einfaldlega beðið hann um að leggja hana til hliðar. Skóli sem vill kallast lýðræðislegur, þ.e. vill geta kallast lærdómssamfélag í fyllstu merkingu þess orðs, verður að gera ráð fyrir að nemendur mæti í skólann sem einstaklingar sem eiga sér líf. Þess vegna verða nemendur að fá tækifæri til að tala ekki síður en að hlusta, það verður

Mynd: Ragnar Örn Jónsson.



Lesið í skýin.

Lýðræði í samfélagi gerir ráð fyrir því að allir séu með, ekki bara efnislega heldur líka vitsmunalega og siðferðilega.

að hvetja þá til að hugsa frekar en að muna, og í staðinn fyrir að veita þeim sífelld svör verður að kenna þeim að spyrja gagnrýnna spurninga.

STJÓRNENDUR HAFI FRUMKVÆÐI

Skóli margbreytileikans verður ekki að veruleika nema starfshættir skólanna endurspegli í stóru og smáu lýðræðislegt gildismat, t.d. virðingu, umhyggju og viðurkenningu. Einu aðilarnir sem geta gert lýðræðisleg gildi að veruleika innan skólanna eru þeir sem þar vinna. Kennari sem vill gera lýðræðisleg gildi að veruleika í starfi sínu verður að hafa stuðning, bæði samkennara og yfirmanna sinna. Til að skóli verði lýðræðislegur verða stjórnendur að leiða. Það er þeirra að hafa frumkvæði, samhæfa kraftana og hvetja til dáða. Það er líka þeirra að hrósa því sem vel er gert og gera gildismat skólans þannig sýnilegt.

Skóli margbreytileikans verður ekki að veruleika án þess að nemendur fái að taka þátt í skólafarfinu sem vitsmuna- og siðferðilegar verur, og þar með sem félagslegar verur. En skóla margbreyti-

leikans verður ekki komið á. Hann er ekki bygging sem stendur undir sér sjálf eftir að hún hefur risið eða kerfi sem setja má af stað og gengur svo sjálft með hæfilegu viðhaldi. Skóla margbreytileikans þarf að rækta, það þarf sífellt að hlúa að tilverugrundvelli hans og virkja þá lífskrafta sem búa í honum. Það þarf að endurskapa hann á hverjum degi – á hverju augnabliki.

Endurskoðun skólafarfsins þarf að felast í umbreytingu skólans þannig að hver og einn geti litið á hann sem lærdómssamfélag þar sem unnið er að verðugum markmiðum. Skortur á lýðræðislegum starfsháttum er í senn skortur á sanngjörnum námstækifærum og skortur á merkingarbærum þroskaleiðum.

1 John Dewey. (1939/1998) „Creative democracy – The task before us“, *The Essential Dewey, Vol. 1, bls. 342. Sjá einnig Ólafur Páll Jónsson. (2011). Lýðræði, réttlæti og menntun. Reykjavík: Háskólaútgáfan.*

2 Marvin Berkowitz. (2012). *You can't teach through a rat, Bella Vista: Character Development Group Inc., bls. 13.*


Greinin er byggð á erindi sem Ólafur Páll hélt á málþinginu **Skóli margbreytileikans og stoðkerfi skóla**. 5. mars sl. á vegum Mennta- og menningar- málaráðuneytisins.





„Heil og sæl“ – Þemahefti

Heftið fjallar um heilbrigði og heilbrigða lífshætti. Heftið er einkum ætlað unglingastigi. Því er ætlað að hvetja til heilbrigðra lífshátta og hvernig fólk, með eigin ákvörðunum, hefur áhrif á eigið líf. Þó svo að heilbrigði sé í forgrunni tengist efnið öllum grunnþáttum menntunar og námsgreinum á borð við lífsleikni, heimilisfræði, náttúrufræði og íþróttir.



Næring og lífshættir

Kennslubók í heimilisfræði fyrir elstu bekki grunnskóla. Í bókinni er fjallað um næringarfræði, matvælafræði, umhverfismál og fleira tengt heimilishaldi. Verkefni fylgja hverjum kafla.

Næring og lífshættir



Skilaboð móttékin




Í bókinni er fjallað um tungumál, myndmál og notkun á táknum í fjölmiðlum og auglýsingum. Þetta er óvenjuleg kennslubók í íslensku um málefni sem varðar daglegt líf allra Íslendinga því fjölmiðlar eru áhrifarík fyrirbæri sem eru fyrirferðarmikil í nútímanum og snúast fyrst og fremst um að miðla upplýsingum. En ekki er allt sem sýnist.

Fjallkonan

Fjallkonan – Fræðslumynd

Leifar af skartklæddrar konu frá víkingaöld fundust á víðavangi árið 2004. Hver var þessi kona? Hvert var hún að fara og af hverju var hún ein á ferð á fjöllum? Reynt er að svara þessum spurningum í myndinni. Þá er fundurinn settur í samhengi við sambærilegan fund í Noregi.



fjölmenning

Fjölmenningarleg menntun í framhaldsskólum

Ég aflaði mér menntunar á sviði sérkennslu og kennslu nemenda af erlendum uppruna í námsleyfi mínu fyrir þremur árum. Í náminu var farið yfir margt athyglisvert og fræðandi. Það sem var þó einna forvitnilegast og gagnlegast var kennsla sem tengdist svokallaðri fjölmenningarlegri menntun. Því miður hefur oft verið farið rangt með þetta hugtak og hyggst ég því varpa hér ljósi á það. Mér er ljúft og skylt að geta þess að greinin styðst að nokkru leyti við efni sem ég fékk í námskeiðinu Fjölmenningarsamfélag og skóli: hugmyndafræði og rannsóknir. Kennarar voru Hanna Ragnarsdóttir dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Hildur Blöndal Sveinsdóttir doktorsnemi.

BLÖNDUN HÓPA

Fjölmenningarleg menntun er í raun grundvallarviðhorf í skólastarfinu öllu, ekki sérstakt fag eða námsgrein. Fjölmenning, eða menningarlegur margbreytileiki í víðasta skilningi, á við alls konar margbreytileika: Menningu, tungumál, félagslega stöðu, fötlun, trúarbrögð, kynhneigð, húðlit og heyrnarleysi, svo nokkuð sé nefnt. Lykilhugtök í öllum helstu stefnum sem fela í sér fjölmenningarlega menntun eru m.a. eftirtalin:

- Gagnkvæmur lærdómur
- Vísýni
- Umburðarlyndi
- Samstaða
- Samkennd
- Samskipti
- Jafnrétti
- Virðing
- Náungakærleikur
- Efling (e. empowerment)
- Ábyrgð
- Gagnrýnin hugsun

Þá eru einnig ýmsar hagnýtar leiðir í fjölmenningarlegri menntun en þær fela m.a. í sér ýmsar skipulagsbreytingar þar sem bekkjarkerfið er brotið upp með aldursblönduðum hópum með áherslu á samvinnu, virðingu og getublandaða hópa. Þá felur fjölmenningarleg kennsla einnig í sér:

- Samvinnunám þar sem áhersla er lögð á mikilvægi allra, bættu stöðu og samvinnu
- Fjölgreindakennsla þar sem styrkleikar allra eru metnir og nýttir
- Samþættingu námsgreina – þemánám
- Námið er fært í auknum mæli út úr skólastofunni og yfir í vettvangs- og rannsóknarnám

Einnig rúmast innan fjölmenningarlegrar menntunar samfélagstengt nám með aukinni samvinnu heimila, skóla og samfélags. Þá er áhersla lögð á tiltekin gildi og þegnskap og undirbúning fyrir líf í alþjóðasamfélaginu. Einnig er stuðlað að sjálfsþekkingu og sjálfstjórn með umræðu um tilfinningar og hegðun. Að síðustu er svo bent á mikilvægi þess að skólastigin vinni saman, en það er eitt af þeim atriðum sem ætti að leggja mun meiri áherslu á í skólastarfinu.



Emil I. Emilsson og nemendur í Menntaskólanum á Ísafirði.

FIMM MISMUNANDI GRUNDVALLARHUGTÖK

James A. Banks (2005), einn af helstu hugmyndafræðingum fjölmenningarlegrar menntunar, segir að hún snúist um fimm grundvallarhugtök. Það fyrsta snýst um inntak námsins, að hvaða marki kennarar nota dæmi og inntak ólíkra menningarheima í kennslu sinni. Annað hugtakið lýtur að uppeldisfræði réttlætis en hún er fyrir hendi þegar kennarar breyta kennslu sinni þannig að hún bæti árangur nemenda úr ólíkum menningarhópum, stéttum og kynjum. Í þriðja lagi talar hann um að smíða þekkingu sem felur í sér að kennarar þurfa að hjálpa nemendum að skilja, rannsaka og skilgreina hvernig menningarleg afstaða, viðmið, sjónarhorn og skekkja innan námsgreina hefur áhrif á það með hvaða hætti þekking er sköpuð. Í fjórða lagi talar hann um að minnka fordóma en þar er lögð áhersla á að skilgreina hvað einkenni fordóma nemenda og hvernig megi breyta þeim með kennsluaðferðum og námsefni. Í lokin talar hann um skólamenningu sem eflir. Þá þarf að kanna hópamyndanir og flokkun, þátttöku í íþróttum, ósamræmi í árangri og samskipti starfsfólks og nemenda milli menningarhópa til að skapa skólamenningu sem eflir nemendur úr ólíkum menningarhópum og af báðum kynjum.

UMHVERFI OG NÁMSGÖGN Í SKÓLUM ENDURSPEGLI MARGBREYTILEIKA

Þá er einnig mikilvægt að umhverfi og námsgögn í skólum endurspeglir þann margbreytileika sem er að finna í skólum en það birtist m.a. í eftirfarandi þáttum skólastarfsins:

- Sýnilegt umhverfi – myndir og teikningar á veggjum
- Bækur – skólabækur og aðrar bækur sem eru í skólum
- Annað efni – t.d. efniviður fyrir leikræna tjáningu, tungumál og tónlist
- Mikilvægi þess að fjölbreytileikinn sé eðlilegur hluti af skólastarfinu: Það er ekki nóg að hafa eitt eintak af efnivið sem endurspeglar minnihlutahópana!
- Nota skal efnivið sem endurspeglar nútíma og samfélagið

Ný heildarsýn á fjölmenningarlegt skólastarf felur í sér raunverulegar breytingar á öllum þáttum þess:

- Námskrá
- Kennslufræði
- Námsmat
- Heildarskipulag og stjórnun
- Umhverfi, námsefni og annar efniviður
- Samskipti og tengsl, skólabragur og skólamenning
- Tungumál skólans
- Tengsl við fjölskyldur og samfélag
- Skólaþróun og skólastefna

FRAMHALDSSKÓLI – LÖG OG NÁMSKRÁR

Ákvæði um sérstakt grunnnám í íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál eru í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996. Í reglugerð um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum nr. 329/1997 er síðan kveðið nánar á um rétt þessara nemenda til íslenskukennslu og um tilhögun og mat á náminu. Markmiðið er að gera þá færa um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum framhaldsskóla og taka þátt í íslensku samfélagi. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er gerð grein fyrir markmiðum og skipulagi kennslunnar með tilliti til þarfa hópsins. Í lögum og reglugerðinni skín í gegn áhersla á nám og störf en vantar nokkuð upp á að kveða nánar á um félagslegan þátt í kennslunni.

fjölmenning

RÉTTUR TIL AÐ LÆRA EIGIÐ TUNGUMÁL MIKILVÆG- UR FYRIR SJÁLFSMYNDINA

Í nýrri reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til íslenskukennslu nr. 654/2009 er einnig að finna ofangreind markmið, ásamt því að talað er um virkan þátt nemenda í íslensku samfélagi. Þar er einnig kveðið á um að allir skólar skuli móta sér móttökuáætlun þar sem unnið verði í nánú samstarfi við grunnskóla, kunnáttu og hæfni og í skipulögðu samráði við starfsfólks og sérfræðinga innan skólans. Þá hefur verið bætt við þeim mikilvægu ákvæðum að styrkja félagsleg tengsl og gagnkvæma félagslega aðlögun milli erlendra nemenda og íslenskra til að rjúfa félagslega einangrun, sé hún til staðar og upplýsingagjöf til nemenda og foreldra sé sem best um starfsemi skólans og einnig um það sem er í boði fyrir nemendur utan hans. Hér hefur verið gerð mikil bragarbót á, nemendum og foreldrum til hagsbóta. Að mínu mati vantar þó ákvæði um að nýta sér kosti fjölmenningarlegrar kennslu og að framlag nemendanna sé einnig virt í kennslu með tilliti til fjölbreytilegrar menningar þeirra. Réttur þeirra til að læra eigið tungumál er líka heldur rýr en hann skiptir mjög miklu máli í sjálfsmynd þeirra. Besta veganestið til að móta örugga etníska sjálfsmynd er að halda í móðurmál og upprunamenningu.

Það er ekki vafi á því að kennsla nemenda af erlendum uppruna hefur batnað til mikilla muna undanfarin ár. Í könnun sem ég gerði í þremur framhaldsskólum þar sem spurt var um aðlögun þeirra að skólastarfinu kom fram að þeim líður vel og eru að mörgu leyti ánægðir með kennsluna. Það sem þeir voru þó mjög óánægðir með var það hversu litla tengingu eða samskipti þeir hefðu við aðra nemendur skólans. Þeim fannst þeir vera nokkuð einangraðir og félagslega afskiptir í námi og félagsstarfi skólans. Menningarmiðlunin er líka mjög einhliða þar sem þeir eru nær eingöngu þiggjendur. Því þarf að breyta og það verður án efa öllum nemendum til góðs. Foreldrar þeirra eru einnig nánast án tengsla við skólann. Hér er verk að vinna til að gera að

mörgu leyti gott skólastarf enn betra. Aðferðir fjölmenningarlegrar menntunar eru hluti af þeim leiðum, en þær þarf að nýta meira í skólastarfi en gert er. Með því er hægt að auðga það og gera það litríkara.

Höfundur er kennari í Menntaskólanum á Ísafirði.
Texti og mynd: Emil I. Emilson.

Heimildaskrá:

- Banks, J. og Banks, C.A.M. (2007). *Multicultural Education, Issues and perspectives*. New York: Wiley
- Elsa Sigríður Jónsdóttir (2007). *Aðlögun Íslendinga erlendis*. Í Hanna B. Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi*. (bls. 331 – 353). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir (2007). *Börn og fjölskyldur í fjölmenningarlegu samfélagi og skólum*. Í Hanna B. Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi*. (bls. 249 – 273). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir (2007). *Sjálfsmynd í fjölmenningarsamfélagi*. Í Hanna B. Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.), *Fjölmenning á Íslandi*. (bls. 331 – 353). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Guðrún Pétursdóttir (2003). *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Reykjavík: Hólar.
- Lög um framhaldsskóla (2008). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Glærur af námskeiðinu *Fjölmenningarsamfélag og skóli: hugmyndafræði og rannsóknir (MEN127F) á haustmisseri 2010*.
- Reglugerð um kennslu nemenda af erlendum uppruna nr.654/2009

skolavefurinn.is
Virkjum foreldra og aðstoðum við námið!
Heimilisáskrift **1490 kr.**

hlusta.is
Hlustunaræfingar fyrir mið- og efstastig!
Þjálfum heyrn og eftirtekt! Heimilisáskrift **1190 kr.**

Framhaldsskóli.is
Styðjum við námið! Veitum nýja möguleika!
Heimilisáskrift **1590 kr.**

LESTU.IS
Gerum lestur og texta aðgengilegr!
Heimilisáskrift **1290 kr.**

Fræðsluferðir

Í SORPU

SORPA býður upp á fræðsluferðir fyrir leik- og grunnskóla, annars vegar á skrifstofu fyrirtækisins að Gylfaflöt 5 eða á endurvinnslustöðvum. Efnisinntak fræðslunnar er sniðið að aldri nemenda og ef kennarar hafa einhverjar séróskir reynum við eftir bestu getu að koma til móts við þær. Tekið er á móti allt að 30 börnum í einu.

Gylfaflöt 5

Fræðsla

Markmið fræðslunnar er að kynna fyrir börnum gildi flokkunar og endurvinnslu. Þau kynnast því hvað verður um úrganginn sem þau setja í tunnuna heima hjá sér og hver umhverfis-ávinningurinn er af því að flokka og skila til endurvinnslu.

Skoðunarferð

Ekið er með rútu sem skólinn útvegar í gegnum móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Þar sjá börnin með eigin augum hvernig vinnsla á úrgangi er háttað.

Endurvinnslustöðvar

Börnin fá fræðslu um starfsemi stöðvarinnar og um endurvinnslu úrgangsins.

Hægt er að panta ferðir fyrir hádegi virka daga og tekur fræðslan um 30 mínútur.

Kennurum sem hafa áhuga á að koma með börn í vettvangsferð er bent á að hafa samband við Erlu Hlín Helgadóttur umhverfis- og fræðslufulltrúa í síma 520 2200 eða senda tölvupóst á erla.helgadottir@sorpa.is.



Staðan í kjaramálum aðildarfélaganna KÍ

Formönnum aðildarfélaganna KÍ var falið að gera stuttlega grein fyrir stöðu kjaramála í félögum sínum. Hér er farið yfir aðgerðir og helstu atburði kjarabaráttunnar undanfarið ár og sagt frá því sem fram undan er.



SKÓLASTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Texti: Svanhildur M. Ólafsdóttir, formaður KÍ.

Skólastjórafélag Íslands er með bundinn kjarasamning frá 1. maí 2011-31. janúar 2014, en skv. niðurstöðu forsendunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi aðildarfélaganna ASÍ, BHM, BSRB og KÍ vegna kjarasamninga aðila frá 2011 var samningstíminn færður fram um 2 mánuði. Vinna við kröfugerð hófst á ársfundi félagsins, þann 13. október 2012, en meginefni þess fundar var undirbúningur fyrir næstu kjarasamninga. Þar komu fram hugmyndir, sjónarmið og ábendingar frá deildarstjórum, aðstoðarskólustjórum og skólustjórum um kröfur og hvað mætti betur fara í kjarasamningi Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Unnið var úr þessum gögnum á vinnufundi stjórnar, samninganefndar, kjararáðs og skólamálanefndar 28. febrúar – 1. mars, sett fram drög að markmiðum til 2024 og þeim forgangsraðað. Meginmarkmiðin eru að laun skólustjórnenda verði sambærileg launum sérfræðinga og stjórnenda hjá ríki og á almennum vinnumarkaði, og að laun og launaröðun skólustjórnenda byggist á námi, stjórnunarreynslu og stjórnunarumfangi hvers skóla.



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA

Texti: Ólafur Loftsson, formaður FG.

Kjarasamningar Félags grunnskólakennara voru lausir frá 29. febrúar 2012. Kjaradeila samninganefndar FG og viðsemjenda þeirra frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga endaði í hnút, þrátt fyrir marga samningafundi. Deilan var því send til ríkissáttasemjara fyrir júl á því ári.

Fyrir lá að laun hjá flestöllum stéttarfélagum hækkuðu um 3,25% 1. febrúar eða 1. mars, en í ljósi þess að kjarasamningur FG var laus var ekki tryggt að félagsmenn fengju þessa hækkun eins og aðrir.

Ríkissáttasemjari lagði til við samninganefndirnar að aðilar endurnýjuðu

viðræðuáætlun sín á milli til 28. febrúar 2014. Hann lagði auk þess til að laun félagsmanna í FG hækkuðu þann 1. mars 2013 um 4%. Framlag, annað hvort til Vonarsjóðs eða Sjúkrasjóðs KÍ, yrði hækkað í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015, en það yrði útfært nánar í næsta kjarasamningi. Annaruppbætur yrðu 69.000 kr. í júní og desember 2013, eins og samið var um 2011.

Stjórn, samninganefnd og svæðaformenn FG héldu fundi með kennurum víða um land í vetur. Farið var í marga skóla, trúnaðarmannfundir haldnir og opnir samráðsfundir með kennurum. Ætla má að kennaraforystan hafi hitt og rætt við á annað þúsund kennara áður en samkomulagið var gert. Á fundunum var farið yfir stöðu kjaramála og hugmyndir félagsmanna um framhald þeirra.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands og Félag grunnskólakennara hafa ákveðið að standa sameiginlega að greiningu á framkvæmd stefnunnar „Skóli án aðgreiningar“, hvort settum markmiðum hafi verið náð og hvernig eigi að starfa að þeim í framhaldinu. Að auki munu sömu aðilar ræða um hvernig staðið skuli að innleiðingu Aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Á næstu vikum munu þessir aðilar gera verkáætlanir um framkvæmd verkefnisins.

Stjórn og samninganefnd SÍ munu vinna áfram að því að forgangsraða og þrepaskipta markmiðum og leiðum en gert er ráð fyrir að þau liggi fyrir í vor, til kynningar og umræðu meðal félagsmanna.

Á vinnufundinum var einnig rætt um samræmingu á kjarasamningum Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnenda í leikskólum. Vilji var til að skoða þær hugmyndir frekar og vinna með FSL að því að samræma kjarasamninga eins og kostur væri og nauðsynlegt vegna samrekstrar skóla.



FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA

Texti: Haraldur F. Gíslason, formaður FL.

Allt síðastliðið ár hefur Félag leikskólakennara, ásamt samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, verið í mikilli launagreiningarvinnu í tengslum við ákvæði í kjarasamningi. Samningsaðilar ákváðu að láta fara fram endurskoðun á kjörum leikskólakennara, með það að markmiði að jafna grunnlaun og starfskjör þeirra við kjör annarra háskólamenntaðra starfsmanna er sinna sambærilegum störfum. Þannig yrðu laun og önnur kjör leikskólakennara samkeppnisfær við kjör samanburðarhópa.

Hluta þessarar vinnu lauk um mitt ár 2012 og ákveðnar leiðréttingar á grunnlaunum leikskólakennara koma til framkvæmda á samningstímabilinu. Seinni hluti samkomulagsins kveður á um að starfskjör beri samningsaðilum, samkvæmt úrskurði ábyrgðarnefndar verkefnisins, að koma sér saman um áður en þriðja þrep leiðréttingarinnar kemur til framkvæmda.

Elliðavatn
komið á
kortið!

Eitt kort
35 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is

Kynnið ykkur
sértíloð til
félagsmanna
á skrifstofu
og orlofsvef.

* frí heimsending

Árið 2014 er skammt undan og í lok apríl það ár er kjarasamningur FL laus. Samninganefnd FL hefur fyrir þó nokkru hafið undirbúning fyrir kjarasamningsgerðina 2014 og segja má að undirbúningur hafi í raun hafist strax við undirritun kjarasamninga 2011. Eftir að ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna voru samþykkt árið 2008 þarf nú fimm ára meistaranám til að fá leyfisbréf til kennslu á á öllum skólastigum. Með því viðurkennir löggjafinn að kennsla hafi verið vanmetin og störfin einnig breyst það mikið að nauðsynlegt sé að kennarar hafi fimm ára sérfræðimenntun.

Viðmiðunarhópar kennara eru því eðlilega aðrir sérfræðingar. Það er faglega skylda kennara að verðmeta sérfræðimenntun sína miðað við breyttar forsendur. Framundan er mikil vinna við að uppfylla kjarastefnu KÍ sem kveður á um að laun og önnur starfskjör kennara og náms- og starfsráðgjafa standist ávallt samanburð við kjör annarra sérfræðinga á vinnumarkaði.



FÉLAG STJÓRNENDA LEIKSKÓLA

Texti: Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður FSL.


Félag stjórnenda leikskóla samdi um sömu prósentuhækkanir og aðrir á vordögum 2011. Umfram almennar prósentuhækkanir samdist um aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra og bókanir sem vonir voru bundnar við.

Í bókun eitt er ákveðið að móta sameiginlega framtíðarsýn sveitarstjórnarmanna, FSL og Félags leikskólakennara um hvernig leikskólastarfi verði best hagað. Í stuttu máli hefur ekkert verið gert með þessa bókun. Það er alveg ljóst að viðhorf Sambands sveitarfélaga til laga um menntun og ráðningu skólastjórnenda og kennara þarf að breytast mikið, en þar á bæ lýsir fólk sig andvíggt fimm ára náminu og vill lækka enn frekar viðmið um fjölda leikskólakennara.

Bókun tvö er um endurskoðun kjarasamnings. Stofnaður var starfshópur til að endurmeta hlutverk, ábyrgð og auknar kröfur til skólastjórnenda í leikskólum, með tilliti til framþróunar í starfi leikskólans. Einkum átti að endurskoða 1. kafla um laun og 10. kafla um starfsþróun. Greidd yrðu atkvæði um breytingar í lok nóvember 2012.

FSL lagði fram margar hugmyndir, m.a. með það að markmiði að fá fastlaunsamning fyrir alla félagsmenn, leiðrétt launaröðun aðstoðarleikskólastjóra og réttindi félagsmanna til námsleyfa. Næsta skref er að skoða hvort samvinnu-grundvöllur finnst með Skólastjórafélagi Íslands, sem hagur væri í fyrir bæði félög.

Enn hefur ekki verið fundað með viðsemjendum um bókanir þrjú og fjögur, en vinna við þær fer fram innan félaganna. Bókun þrjú snýst um að skoða þróun samreksturs og sameiningar m.t.t. hlutverks og ábyrgðar stjórnenda, og bókun fjögur er um endurskoðun á fyrirkomulagi vísindasjóðs.



FÉLAG FRAMHALDS- SKÓLAKENNARA

Texti: Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður FF.

Gildandi kjarasamningur KÍ/framhaldsskóla við fjármálaráðherra var gerður vorið 2011 og honum fylgdi sérstakt samkomulag við menntamálaráðherra um aðlögun kennarastarfsins að nýjum framhaldsskólalögum. Skýrsla starfshóps sem gerði tillögur á grundvelli samkomulagsins var síðan notuð við samningagerð á grundvelli bókunar 2 með kjarasamningnum sumarið og haustið 2012. Breytingar samkvæmt samkomulagi samninganefnda Félags framhaldsskólakennara/ Félags stjórnenda í framhaldsskólum og Samninganefndar ríkisins voru bornar undir atkvæði félagsmanna FF og FS, en var hafnað af miklum meirihluta þeirra. Launahækkanir samkvæmt samkomulaginu hefðu orðið um 3% til viðbótar gildandi kjarasamningi, en samkomulaginu fylgdu einnig áform um endurskoðun vinnutímakafla kjarasamnings og skilgreint fé til kaupa á vinnu við námskrárgerð og aðra innleiðingavinnu vegna framhaldsskólalaga frá 2008.

Gildistími kjarasamningsins frá vori 2011 var stytur um tvo mánuði með samkomulagi í febrúar og aðrar breytingar gerðar í samræmi við ákvarðanir samningsaðila á almennum markaði. Kjarasamningur framhaldsskóla rennur því út 31. janúar 2014. Síðasta prósentuhækkun kom inn 1. mars sl., en eingreiðsla upp á kr. 38.000 kr. kemur til greiðslu 1. janúar. 2014 m.v. fullt starf en annars hlutfallslega.



FÉLAG TÓNLISTARSKÓLAKENNARA

Texti: Sigrún Grendal, formaður FT.

Undanfarin ár hafa verið óvenjuleg á kjarasamningasviðinu. Kjarasamningar tónlistarskólakennara í maí 2011 voru fyrstu eiginlegu kjaraviðræðurnar sem áttu sér stað frá samningi þeim sem undirritaður var í október 2006 og gilti til 30. nóvember 2008. Í kjölfar hrunsins urðu þau félög sem höfðu lausa samninga af gerð eiginlegra kjarasamninga í þeirri lotu.

Árið 2005 var launasetning tónlistarskólakennara með BA próf því sem næst sambærileg launum umsjónarkennara tvö í kjarasamningi grunnskólakennara. Samanburður á launum skólastjóra á þessum skólastigum er erfiðari þar sem launakerfin eru ólík, en árið 2006 var launaspönnin ekki ósvipuð.

Nú er staðan sú að tónlistarskólakennarar hafa dregist aftur úr viðmiðunarhópum sem rekja má að einhverju leyti til gildistíma kjarasamnings okkar frá árinu 2008 og þess ástands sem hefur ríkt undanfarin ár. Í kjarastefnu KÍ er m.a. lögð áhersla á að:

- laun og önnur starfskjör félagsmanna KÍ standist ávallt samanburð við kjör annarra sérfræðinga og stjórnenda á vinnumarkaði,
- lélagsmönnum KÍ með sambærilega menntun og reynslu sé ekki mismunað í launum eftir því á hvaða skólastigi þeir starfi.
- kjör félagsmanna KÍ verði eftirsóknarverð og samkeppnishæf miðað við laun á vinnumarkaði.

Það eru forréttindi að vera hluti af menntakerfi þjóðarinnar og það er eitt brýnasta samfélagsverkefni okkar tíma að tryggja eflingu þess til framtíðar. Félag tónlistarskólakennara lítur svo á að hlutverk tónlistarskóla og tónlistarfræðslu hafi aldrei verið mikilvægara en einmitt nú. Það eru spennandi tímar framundan þar sem aðildarfélag KÍ þurfa að taka höndum saman um að fylgja eftir sameiginlegri stefnumörkun svo ný og framsækin menntastefna geti orðið að veruleika, okkur öllum til hagsbóta.

Í fjármálageiranum hefur rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að greiða bónusa og ofurlaun jafnan falist í því að einungis þannig náist fram hvati til að fólk vinni störf sín vel, og að það sé forsenda þess að fá gott fólk til starfa og að halda því í krefjandi störfum.

Ég vona að efnahagshrunið hafi opnað augu fólks fyrir því að eitt það dýrmætasta fyrir foreldra, börn og þjóðarbúið í heild sé að standa vörð um menntun og fá besta fólkið til starfa í skólum. Þetta fólk kemur að uppeldi barna okkar og menntar framtíðarþegna Íslands. Um heim allan má greina stefnubreytingu í þróun menntakerfa. Tónlistarfræðsla, listir og menning vega þar æ þyngra. Við í FT erum sannfærð um mikilvægi okkar þáttar í uppbyggingu heilbrigðs og skapandi samfélags. Við skorumst ekki undan ábyrgð þegar að því kemur að verja menntakerfið.

Myndir: Rán Bjargardóttir o. fl.

Samningaviðræður um endurnýjun kjarasamnings þurfa í síðasta lagi að hefjast um miðjan desember 2013 m.v. tímafresti laga um gerð og framkvæmd viðræðuáætlana, en þó eiginlega fyrr vegna tafa við samningavinnu kringum jólin.

Samkomulagið við ríkið var fellt í atkvæðagreiðslu sl. haust og síðan þá hafa hvorki menntamálaráðherra né fjármálaráðherra sýnt áhuga á að taka upp viðræður að nýju, eða að láta með öðrum hætti fjármuni renna til framhaldsskólanna í sambærilegum tilgangi og í samkomulaginu frá október síðastliðnum. Margítreaðar ábendingar stéttarfélagsins um hættuástand í framhaldsskólum vegna gegndarlaus niðurskurðar og hraklegrar launastöðu félagsmanna KÍ miðað við samanburðarhópa hafa að mestu verið hunsaðar. Þetta vekur athygli vegna þess að öll vinna við aðlögun kjarasamninga að framhaldsskólalögunum stöðvaðist sjálfkrafa með höfnun samkomulagsins, en einnig vegna augljósrar hættu á að upp úr sjóði á næstu mánuðum vegna ósanngjarns launamunar og erfiðra starfsskilyrða í framhaldsskólum.



Elna Katrín Jónsdóttir.

Niðurskurðurinn bitnar grimmdarlega á starfi framhaldsskólanna

Varla er hægt að ræða kjarasamninga og starfskjör félagsmanna KÍ í framhaldsskólum án þess að líta á meðferð stjórnvalda á þessu skólastigi mörg undanfarin ár. Í góðærinu virtust stjórnvöld blinduð af hagræðingarákafa. Það hefði mátt hlúa að starfsemi framhaldsskólanna, jafna námsaðstöðu nemenda, auka fjölbreytni námsframboðs, bæta stoðþjónustu, og ekki síst varðveita og bæta þann árangur sem félagsmenn KÍ í framhaldsskólum náðu sjálfir í kjarasamningum árið 2001. En viti menn, launakjörum hrakaði jafnt og þétt og launaþróun KÍ í framhaldsskólum var þegar árið 2006 orðin áberandi lakari en hjá öðrum háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum. Eftir efnahagshrunið hefur niðurskurður í framhaldsskólum í raun verið meiri og alvarlegri en í mörgum öðrum stofnunum ríkisins, ekki síst þegar litið er til árvissrar fjölgunar nemenda og aukinna krafna til starfseminnar. Ástandið í framhaldsskólunum núna ber um margt svip af alvarlegri stöðu heilbrigðiskerfisins.

FÁTT UM SVÖR ÚR FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Mikil reiði ríkir meðal félagsmanna í framhaldsskólunum sem þykir störfum sínum lítill sómi sýndur og sviður fálæti ráðamanna um hag og kjör nemenda og starfsmanna. Við þeim blasir launamunur upp á að meðaltali rúmlega þrjá launaflokka miðað við samanburðarhópa, eða rúmlega 16% á dagvinnulaunum og rúmlega 8% á heildarlaunum. Fundarhöld eru hafin í mörgum félagsdeildum framhaldsskólanna um ástandið og verður kröfum um sanngjarna leiðréttingu starfskjara vafalítið bæði beint að félitlum framhaldsskólunum, sem bera ábyrgð á gerð og viðhaldi stofnanasamninga, og að ráðherrum fjármála og menntamála. Félag framhaldsskólakennara ritaði ráðherrunum báðum bréf í janúar síðastliðinn um aðgerðir til bjargar framhaldsskólunum og leiðréttingu á kjörum félags-


manna. Menntamálaráðherra varð við beiðni um fund og samræður um ástand mála en ekki fjármálaráðherra sem er viðsemjandi okkar. Svarbréf ráðherranna barst loks 20. mars. Því miður er þar engin ákveðin fyrirheit að finna um úrlausn til handa framhaldsskólunum. Frekar loðin svör eru gefin um að mál verði skoðuð við fjárlaga-gerðina í haust og rætt um 400 milljón króna fjárframlög til námskrágerðar sem við nánari skoðun reyndist vera heildarfjárhæð vegna skólastiganna þriggja sem framhaldsskólinn fær í mesta lagi helminginn af.

TÓLF MILLJARÐAR ÚT ÚR FRAMHALDSSKÓLAKERFINU FRÁ HRUNI

Stjórnvöld neyða nú skólameistara enn og aftur til að boða starfsfólki sínu frekari niðurskurð á skólaárinu 2013-14, en talið er að um 12 milljarðar hafi þegar verið teknir út úr framhaldsskólakerfinu frá hruni. Dæmi um ástand mála er

Markmiðið um samsvörun milli launastiku og meðallauna stóðst aðeins í skamman tíma.

Ár	Launastika	Meðal dagvinnulaun KÍ/frshk.	Frávik launastiku frá meðallaunum
2003	232.000 kr.	231.039 kr.	0,4%
2004	238.960 kr.	239.183 kr.	-0,1%
2005	241.350 kr.	257.995 kr.	-6,5%
2006	248.591 kr.	279.224 kr.	-11,0%
2007	275.704 kr.	293.325 kr.	-6,0%
2008	288.840 kr.	319.824 kr.	-9,7%
2009	295.570 kr.	338.803 kr.	-12,8%
2010	313.817 kr.	340.250 kr.	-7,8%
2011	313.817 kr.	354.413 kr.	-11,5%
2012	286.102 kr.	377.276 kr.	-24,1%



svokölluð launastika, sem var frá árinu 2002 ætlað að endurspegla meðallaun í framhaldsskólum og skyldi notuð til þess að veita hæfilegum fjármunum til rekstrar hvers skóla. Meðalmánaðarlaun í framhaldsskólum eru nú um 380.000 kr. en upphæð launastikunnar um 286.000 kr.

NIÐURSKURÐURINN ÓGNAR STARFSEMI FRAMHALDSSKÓLA

Þessi gríðarlegi niðurskurður ógnar starfsemi framhaldsskólanna og gæðum og fjölbreytni náms. Sífelld fleiri nemendum er troðið í hvern námshóp og minna, eða ekkert, er greitt fyrir viðbótarstörf sem þó þarf að vinna, s.s. umsjón með nemendum, fagstjórn og fleira. Einingarverð vinnustundar venjulegs kennara er orðið hlægilegt, m.a. vegna þess að sífelld fleiri vinnustundum er varið í að sinna venjulegu dagvinnustarfi, sem til að byrja með er illa metið til launa. Ólaunuðum yfirvinnustundum félagsmanna fjölgar einnig merkjanlega.

Það er því ekki aðeins nauðsynlegt að berjast með oddi og egg fyrir bættum starfskjörum félagsmanna í FF og FS, heldur um leið óhjákvæmilegt að leggja á áráttar með skólameisturum og öllum sem vilja verja og efla starfsemi framhaldsskóla. Krefja þarf stjórnvöld og Alþingi um að hætta áráttum á þetta skólastig, sem birtast í ósanngjörnum og óframkvæmanlegum kröfum um að reka skólana fyrir allt of lítið fé og gera stjórnendum þeirra ókleift að bjóða nemendum nám í samræmi við landslög og starfsmönnum kjör sem standast samanburð við aðra.

Launastika merkir upphaflega (2003) launaviðið í skilningnum rauntölur úr bókhaldskerfi ríkisins um föst mánaðarlaun kennara það er grunnlaun án allra viðbótarflokka vegna stjórnunar, sérstakra verkefna, aldursafsláttar eða umbunar af öðru tagi. Sama tala var notuð fyrir alla framhaldsskóla frá og með þessum tíma en áður hafði verið miðað við meðallaun hvers skóla fyrir sig.

Markmiðið um samsvörun milli launastiku og meðallauna stóðst aðeins í skamman tíma - og kannski aldrei nema þetta eina fyrsta ár (2003) en allar götur síðan verið langt undir sbr. nánar bréf m.mrn. frá 29. nóvember 2012 um þróun launastiku 2003-2012 og samanburð hagfræðings KÍ á þeim tölum og meðaldagvinnulaunum KÍ frshk. en hann sýnir nú um 24% mismun milli launastiku og launa (286.102 kr. = launastika og um 377.276 kr. = meðaldv. laun KÍ frshk.).

Afdrif kaupmáttar í íslensku efnahagshruni.

Breyting frá janúar 2007 til desember 2012	Fór lægst Dagvinna / regluleg laun	Des. 2012 Dagvinna / regluleg laun	Fór lægst Heildarlaun (ársmeðalt.)	2012 Heildarlaun
Almenn laun – vísitala launa	-13%	-7%		
Starfsmenn á alm. markaði*	-13%	-6%		
Opinberir starfsmenn*	-12%	-9%		
BHRB / ríki	-12%	-8%	-15%	-13%
BSRB / ríki	-12%	-8%	-16%	-13%
SFR / ríki	-11%	-4%	-12%	-10%
FÍH / ríki**	-14%	-12%	-19%	-18%
KÍ / framhaldsskóli	-15%	-12%	-19%	-18%

Með kaupmáttarbreytingu er hér átt við breytingu á launavísitölu / launum umfram breytingu á vísitölu neysluverðs.

*Vísitala - ársfjórðungstölur. Enn vantar tölur fyrir síðasta ársfjórðung 2012.

**Enn vantar tölur fyrir síðustu þrjá mánuði ársins 2012.

Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármálaráðuneytið

Texti: Elna Katrín Jónsdóttir.
Mynd: Skólavarðan.
Myndir: Oddur S. Jakobsson.



Nemendur á öllum aldri koma í heimsókn í Þekkingarsetrið.

Þekkingarsetur Suðurnesja býður skóla velkomna í heimsókn

Náttúrufræði skipar veigamikinn sess í námskrám allra skólastiga og náttúrufræðinámið á að vera heildstætt. Strax í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar, hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra og margvíslegum auðlindum náttúrunnar, svo dæmi séu tekin. Lögð er áhersla á að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru með fjölbreyttum aðferðum í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Eitt mikilvægasta hlutverk grunnskólakennslu í náttúrufræði er að viðhalda þeirri forvitni sem börn hafa á fyrirbærum náttúrunnar, og eru útikennsla og vettvangsnám sérstaklega mikilvægir þættir í náttúrufræðinámi. Þegar líður að framhaldsskóla, og síðar möguleikum á áframhaldandi námi eða þátttöku í atvinnulífi, skiptir máli fyrir nemendur að þeir geri sér að einhverju leyti grein fyrir hvert þeir stefna með vali á tilteknu námi eða starfi. Hverju skilar til dæmis nám í greinum náttúrufræðinnar þeim?

NÁTTÚRUFRAÐI Í ÞEKKINGARSETRINU

Áherslusvið Þekkingarseturs Suðurnesja í Sandgerði er náttúrufræði og tengdar greinar. Markmið setursins snúa fyrst og fremst að rannsóknum, fræðslu, þjónustu og samstarfi við aðrar rannsókn- og fræðslustofnanir hérlendis og erlendis. Rannsóknastarf hefur verið stundað í húsnæði Þekkingarsetursins síðustu tvo áratugi, en á sama tíma hefur mikil áhersla verið lögð á fræðslu fyrir nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Fræðasetrið í Sandgerði var stofnað 1995 og hefur síðan þá tekið á móti miklum fjölda nemenda. Fræðasetrið er nú orðið að þekkingarsetri Suðurnesja, og stefnir að því að efla enn frekar þjónustu við skóla og nemendur.

Nemendur á öllum aldri koma í heimsókn í Þekkingarsetrið til að skoða náttúrugripasýningu og sögusýninguna Heimskautin heilla sem setrið býður upp á.

Sýningarnar eru fróðleg og skemmtileg viðbót við kennslu á öllum skólastigum, til dæmis í náttúrufræði, sögu og frönsku, en sýningin Heimskautin heilla fjallar um ævi franska læknisins, vísindamannsins og heimskautafarans Jean-Baptiste Charcot. Rannsóknaskip hans, Pourquoi-pas?, fórst með áhöfn sinni við Íslandsstrendur árið 1936. Á náttúrugripasýningunni má sjá fjöldann allan af uppstoppuðum dýrum, safn jurta og skelja og fleira, eins og t.d. eina uppstoppaða rostung landsins. Áhersla er lögð á lífríki hafsins og fjörunnar og á sýningunni eru lifandi sjávardýr sem hægt er að skoða í návígi og jafnvel snerta, ef maður þorir! Tilvalið er að sameina fjöru- eða tjarnarferð og heimsókn í Þekkingarsetrið og flétta þannig útikennslu og vettvangsnám við heimsóknina, en nemendur safna þá lífverum í fjörunni sem þeir skoða síðan í víðsjám. Lögð er áhersla á að tengja heimsóknir skólahópa við námsefni þeirra í náttúrufræði og umhverfisvernd hverju sinni, sé þess óskað, og líffræðingar Þekkingarsetursins útbúa fjölbreytt verkefni við allra hæfi.

Eitt af skilgreindum markmiðum þekkingarsetra er að stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðstarfs og atvinnuþróunar.

KYNNING Á RANNSÓKNUM Í NÁTTÚRUFRAEÐUM

Eldri nemendahópar geta fengið kynningu á þeim rannsóknum sem í gangi eru hverju sinni, auk skoðunarferðar um rannsóknaaðstöðuna. Íslenskir og erlendir meistara- og doktorsnemar í líffræði sem hafa unnið að rannsóknum fyrir lokaverkefni sín í þekkingarsetrinu á síðastliðnum árum skipta tugum, og sumir eru orðnir starfsmenn setursins, Náttúrustofunnar eða Rannsóknaseturs HÍ. Áhugavert er fyrir framhaldsskólanemendum að fá tækifæri til að hitta þessa líffræðinema og fræðast um eðli og framkvæmd rannsókna þeirra, háskólanámið og möguleg störf að því loknu.

Eitt af skilgreindum markmiðum þekkingarsetra er að stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðstarfs og atvinnuþróunar. Liður í þessu hjá þekkingarsetri Suðurnesja er að bjóða nemendum af öllum skólastigum í heimsókn með það fyrir augum að vekja áhuga nemenda á náttúrufræðum, strax á unga aldri, og möguleikunum sem skapast með námi á því sviði.



Á náttúrugripasýningunni má sjá fjöldann allan af áhugaverðum dýrum.

Höfundur er forstöðumaður þekkingarseturs Suðurnesja.

Texti og myndir:
Hanna María Kristjánsdóttir.




HEIMILI OG SKÓLI

ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2013

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla
– landssamtaka foreldra verða afhent **miðvikudaginn 15. maí 2013, kl. 14.00**, við hátíðlega athöfn í **Þjóðmenningarhúsinu**.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er **1. maí 2013**.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SUBURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

KENNARANÁMSKEIÐ KRAMHÚSSINS

*„Fantasían er mikilvægari en þekkingin“
– Albert Einstein*

11–13. JÚNÍ 2013



Kæri kennari – misstir þú af ævintýrlegu námskeiði Kramhússins sumarið 2012...?
Vegna mikillar ánægju verður námskeiðið haldið aftur, dagana 11-13. júní 2013. Fyrir kennara á öllum stigum.

Finnum ævintýrið í hversdagsleikanum

– með **TRÚDATRÍÓINU** úr **Jesú litla**,
Bergi Þór Ingólfssyni, Halldóru Geirharðsdóttur og Kristjönu Stefánsdóttur.
Sögur, spuni, rödd, hreyfing og hrynn.

ADRIR KENNARAR:



Hafdis Arnadóttir
kennari
Upphitun og dansspuni



Ólöf Ingólfssdóttir
kennari og danshöfundur
Daglegt líf er endalaus uppspretta fyrir dans

★ **Kennt verður í Kramhúsinu frá kl. 9-17 alla þrjá dagana. Verð 42.800 krónur.** (Endurmenntunarsjóður og sveitafélag veita styrki)
Tryggið ykkur pláss sem fyrst – takmarkaður fjöldi sem kemst að.

Skráning hafin á www.kramhusid.is og í síma 551 5103



Fagráð heldur sinn fyrsta fund

Fagráð um símenntun og starfspróun kennara fundaði í fyrsta sinn í mars sl. Þetta er spennandi vettvangur sem gaman verður að fylgjast með í framtíðinni.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, tilkynnti um stofnun fagráðs um símenntun og starfspróun kennara á málþingi í Bratta í október sl.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði svo fulltrúa í fagráðið eftir áramótin, samkvæmt tilnefningum. Aðalmenn Kennarasambands Íslands í fagráðinu eru: Anna María Gunnarsdóttir (FF), Guðbjörg Ragnarsdóttir (FG), Björg Bjarnadóttir (FL), Ólafur H. Sigurjónsson (FS), Ingibjörg Kristleifsdóttir (FSL), Sigrún Grendal (FT) og Svanhildur María Ólafsdóttir (SÍ).


- Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu í símenntun og starfspróun kennara.
- Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í starfspróun stéttarinnar.
- Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun, stefnumótun um símenntun og starfspróun og setur fram hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum.
- Ráðið leitar upplýsinga um helstu strauma og stefnur sem víðast og miðlar upplýsingum til skólasamfélagsins, t.d. á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.
- Fagráð aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun, t.d. með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun og starfspróun kennara á upplýsingaveitu.

Á vegum fagráðs starfar fimm manna stýrihópur og einnig geta vinnuhópar starfað að tilteknum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum. Næstu verkefni eru að skipa í stýrihóp, ráða starfsmann í hálftr starf og gera verkefna- og fjárhagsáætlun.

Nánari upplýsingar um fagráðið og aðdraganda þess er að finna í 2. tbl. Skólavörðunnar 2012, bls. 20-22.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.


Millifærðu með hraðfærslum í Appinu



Veldu hraðgreiðslur á upphafsskjámynd og smelltu á þekkta viðtakanda



Veldu eða skræðu inn upphæð



Millifærsla framkvæmd!

Þarftu að millifæra fyrir þinn hlut í pizzunni?

Við einföldum millifærslur í snjallsímanum margfalt. Með nýja Íslandsbanka Appinu má nálgast stöðuna á reikningum og færa smærri fjárhæðir á vini og vandamenn með fáeinum smellum.

Kynntu þér nýja Appið betur á www.islandsbanki.is/farsiminn



Skannaðu kóðann til að sækja Appið.



Þjónusta í gegnum Appið:

- Hraðfærslur á þekkta viðtakendur
- Staða reikninga með einum smelli
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Upplýsingar um útibú og hraðbanka
- Aðgengi að Netbanka o.fl. sem opnar á fleiri möguleika

Þjónustan er í boði fyrir fjárráða einstaklinga með aðgang að Netbanka Íslandsbanka.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Heimalærdómur – úreltur eða ómissandi

Ertu búinn að læra fyrir morgundaginn? – Þessi sígræna spurning er öllum kunnugleg. Að loknum skólagangi tíðkast að fá sér miðdagskaffi og setjast svo við eldhúsborðið og læra heima. – Eða hvað? Að loknum skólagangi kemur Sindri Freyr heim, hendir skólatöskunni inn í herbergið sitt, gáir hvort það sé til snakk, fer í tölvuna og gleymir sér lengi í Angry Birds.

Viðhorf til heimalærdóms eru smám saman að breytast. Hin hefðbundna sýn er sú að góðir nemendur fylgist vel með í tímum og læri síðan heima það sem kennarinn setur fyrir. En nú heyrast einnig allt önnur sjónarmið meðal kennara, nemenda og foreldra.

HVAÐ MÆLIR MEÐ HEIMALÆRDÓMI?

Þeir sem eru hlynntir heimanámi telja gjarnan að það gefi foreldrum tækifæri til að taka þátt í viðfangsefnum barna sinna, leiði til gjöfilla samskipta og tengi saman heimili og skóla. Flestir foreldrar geti miðlað góðum ráðum um námstækni og þeir geti átt skemmtilegar samræður við barnið um námsefnið og jafnvel vakið hjá barninu áhuga, hafi hann ekki náð að kvikna í skólanum. Þeir telja að foreldrar vilji fá að bera ábyrgð á menntun barnanna sinna í samvinnu við fagmanninn, kennarann. Er hættu á að foreldrar geti frekar varpað frá sér allri ábyrgð á árangri barnsins án heimanáms, og þannig kennt kennaranum um þegar illa fer?

Á síðustu árum hefur menntunarstig Íslendinga hækkað, en á sama tíma eru minni kröfur gerðar til foreldra um þátttöku í heimanámi. Ein ástæða sem oft er dregin fram fyrir dvínandi heimanámi er að ekki megi mismuna nemendum vegna mismunandi aðstæðna heima fyrir. Að mati sumra eru þetta þó haldlítil rök sem láti í veðri vaka að kunnáttuleysi og aðstæður heima hjá fáum eigi að stýra för hjá meirihlutanum.

HVAÐ MÆLIR GEGN HEIMALÆRDÓMI?

Andstæðingar heimanáms nefna gjarnan að það taki of mikinn tíma frá skólakrökkum og íþyngi þeim. Margir séu uppteknir við iðkun íþrótt- eða listgreina og heimanámið valdi því óþarfa stressi, ekki síst hjá þeim samviskusömu. Það valdi einnig togstreitu á heimilum þar sem foreldrar kunni því ekki vel að þurfa að reka á eftir krökkunum að læra heima, og ekki bæti úr skák að eiga það á hættu að fá á sig óorð fyrir að standa sig ekki í foreldrahlutverkinu ef þeim gengur ekki vel í skólanum. Alfie Kohn, bandarískur fræðimaður, sem hefur fjallað um gildi heimanáms í ræðu og riti, telur að kostir heimanáms séu úr lausu lofti gripnir. Hann vitnar til fjölda rannsókna á áhrifum heimavinnu á námsárangur og segir að engar þeirra sýni fram á að heimalærdómur auki við eiginlega menntun nemenda eða greiði götu þeirra í námi síðar meir.

Kohn varpar fram ýmsum áleitnum spurningum: Er ekki hlutverk skólans að bera ábyrgð á náminu eftir að kennslustund lýkur? – Er það ekki hans að halda utan um lærdóminn og veita nemendum þá aðstoð sem þeir þurfa? Er réttlátt að leggja þessa ábyrgð á heimilin, eins ólík og þau séu í reynd? Breyturnar eru margar og gæta þurfi að efnahag, þjóðfélags- og menningarstöðu. Sumir nemendur búi svo vel að fá góða hvatningu og aðstoð við heimanám á meðan aðrir fái litla sem enga, menntunarstig foreldra geti verið lágt, og jafnvel geti tungumálaörðugleikar hamlað því að þeir geti lagt nokkuð af mörkum.

HEIMAVINNAN Í SKÓLANUM

Sinn er síður í landi hverju þegar kemur að heimavinnu. Í Finnlandi tíðkast að takmarka heimavinnu, en sem kunnugt er nýtur skólakerfið þar mikillar virðingar. Þar í landi tíðkast að leixurnar séu lærðar innan veggja skólans undir handleiðslu kennara og annarra sérfræðinga. Víðast annars staðar, þar með talið hérlendis, er börnum á öllum skólastigum ætlað að lesa heima og leysa verkefni. Dæmi eru um eins konar lesver eða stoðtíma í skólum hér á landi þar sem sérfræðingar hjálpa nemendum við heimanámið með frábærum árangri. Þeir sem njóta þeirrar þjónustu eru þó einkum fatlaðir nemendur eða af erlendu bergi brotnir.



Skólar og stjórnendur þeirra eigi að setja sér stefnu um heimanám og byggja hana á fyrirfram gefnum forsendum í stað gamalla hefða. Heimavinna eigi að vera rökrétt framhald af kennslustund.

SKILGREINA ÞURFI TIL- GANG HEIMAVINNUNNAR

Frönsk rannsókn bendir til að heimalærdómursé heilög kýr í skólamenningunni þar í landi, einkum hjá foreldrum sem tilheyra ákveðnum þjóðfélags-
hópum. Aðstæður nemenda heima-
fyrir séu hins vegar afar mismunandi. Rannsakandinn, Séverine Kakpo, segir að vinna nemenda sé nauðsynleg til að þeir læri, en hvar og hvenær vinnan skuli fara fram sé grundvallarspurning sem nauðsynlegt sé að svara.

Khon vitnar í Harris Cooper, virtan bandaríska félagssálfræðing, sem hefur rannsakað heimalærdóm sérstaklega og telur að ekki sé hægt að fullyrða af eða á um gagnsemi hans, en margt geti haft áhrif á hvort hann skili tilætluðum árangri. Atriði sem huga þurfi að áður en sett er fyrir séu aldur nemenda, viðfangsefni og tilgangurinn með verkefninu.

HEIMAVINNA Í SAM- VINNU VIÐ NEMENDUR

Kohn er þeirrar skoðunar að skólar og stjórnendur þeirra eigi að setja sér stefnu um heimanám og byggja hana á fyrirfram gefnum forsendum í stað gamalla hefða, þ.e. ekki að setja fyrir bara til að setja fyrir. Heimavinna eigi að vera rökrétt framhald af kennslustund. Hann leggur áherslu á að heimavinna megi ekki vera íþyngjandi, heldur verði að sýna öðrum viðfangsefnum nemenda tillitssemi og virðingu. Þess vegna sé æskilegt að setja fyrir heima í samvinnu við nemendur. Kohn bendir á að það sé afar einstaklingsbundið hvernig fólk læri og því sé þátttaka nemenda í skipuleggja heimanámið lærdómsrík og líklegri til að gera gagn en ógagn. Kohn hvetur kennara til að rannsaka sjálfir gagnsemi heimanáms í sinni eigin kennslu. Kannski gæti niðurstaðan úr þeirra starfendarannsókn orðið til þess að létta vinnu kennaranna sjálfra.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.

Heimildir:

1. Kakpo, Séverine (2013): *En finir avec les devoirs? Úr L'Enseignant*, 162 (15-19).
2. Kohn, Alfie (2007): *Rethinking Homework. Birt á heimasíðu hans. Sótt 12. febrúar 2013.*
3. Menand, Louis (2012): *Today's Assignment. Bloggfærsla á vef The New Yorker*, 12. desember 2012.

Konungur ljónanna í Hagaskóla

Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistarkennari í Hagaskóla, hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir að setja upp metnaðarfullar sýningar með nemendum sínum.

Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistarkennari í Hagaskóla, hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir að setja upp metnaðarfullar sýningar með nemendum sínum, nú síðast söngleikinn Konungur ljónanna. Sýningar urðu tíu og uppselt á allar. Það voru nemendur sem stungu upp á því að sýna Konung ljónanna fyrir nokkrum árum en henni fannst það ógnvekjandi vegna flókinna búninga og gerva. En þegar hún sá verkið í London kolféll hún fyrir þessum frábæra söngleik.

YFIR HUNDRAÐ KRAKKAR LÖGÐU HÖND Á PLÓG

Hún lét slag standa og setti leikritið upp í samvinnu við Björn Thorarensen tónlistarstjóra og Gunnhildi Ólafsdóttur myndlistarkennara. Síðast en ekki síst tóku svo yfir hundrað krakkar þátt í uppfærslunni á einhvern hátt! Fimm-tíu leikarar, tuttugu og einn í hljómsveit og yfir þrjátíu manns sem lögðu hönd á plóg við hönnun búninga og leikmyndar, förðun, hárgreiðslu og að stýra ljósum og hljóði. Metnaðarfullt leikstarfið er borið uppi fjárhagslega af sölu aðgöngumiða og nýtur ekki annarra styrkja en þeirra sem fengust fyrir auglýsingar í leikskrá.

HÆFILEIKAR Á MÖRGUM SVIÐUM

Áheyrnarprufur voru í byrjun október að sögn Sigríðar Birnu. Síðan hófust æfingar með kór og dönsurum og þá fóru hjólin að rúlla á fullu. „Það er ekki alltaf auðvelt að fá 50 krakka til að mæta á æfingar og ég held að við höfum ekki náð öllum saman fyrr en tveimur dögum fyrir frumsýningu. Flestir sem taka þátt eru í mörgu öðru, t.d. dansi, tónlistarnámi eða íþróttum. Þetta eru hæfileikaríkir krakkar á mörgum sviðum,“ segir Sigríður Birna og brosir kankvís. „Krakkarnir gera langmest sjálfir og hugmyndavinnan er mest hjá þeim. Foreldrar hafa líka komið inn og aðstoðað við búningana. Allir dansar í sýningunni eru samdir af stelpum í leikhópnum og þær sjá þá um dansæfingar. Nemendur hönnuðu líka förðun og hárgreiðslu að mestu leyti. Leikskrá og veggspjald var hannað af nemendum í vali í grafískri hönnun undir leiðsögn kennara.“





TILVILJUN AÐ HÚN VARÐ LEIKLISTARKENNARI

Sigríður Birna er kennari og leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur, með meistaraþráðu í leiklistarmeðferð frá New York -háskóla. Hún er áhugaleikari og hefur sótt fjölda námskeiða í leiklist og tekið þátt í tengdum verkefnum. Að hennar sögn var það tilviljun sem réði því að hún byrjaði sem leiklistarkennari í Hagaskóla fyrir tíu árum. „Hér hef ég í lengst og á þessum árum hef ég sett upp níu söngleiki, átta í Hagaskóla og einn í Hvassaleitisskóla. Ég vinn þó einnig sem meðferðarfræðingur og hef gert það í öll þessi ár,“ segir Sigríður Birna, drottning ljónakórsins í Hagaskóla, að lokum.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Myndir: Tryggvi Már Gunnarsson.

Kynningarátak

Félags framhaldsskólakennara

Í ljósi nýrrar aðalnámskrár er ástæða fyrir tungumálakennara að bera höfuðið hátt og halda á lofti mikilvægi þeirra greina sem þeir kenna.

Í upphafi er ákveðið hvernig lokapróf lítur út, hvaða markmiðum eigi að ná og í hverju eigi að prófa.

Takmarkið er að sjá og snerta eðlisfræðina sem er alls staðar í kringum okkur og reyna að fá nokkur „Aha-augnablik“, auðvitað er ekki hjá því komist að krydda með nokkrum óskiljanlegum útreikningum, en er það ekki bara hollt?

Í skólunum þarf að efla baráttu og samstöðu og þrýsta á að stofnanasamningar virki til að viðhalda stöðugri og eðlilegri launaþróun.

Ég held því fram að ein aðalástæðan fyrir ákafa menntamálaráðuneytisins að stytta framhaldsskólann um eitt ár sé hundakúnstir prangfræðinga (samheiti fyrir viðskipta- og hagfræðinga) í ráðuneytinu.

Framhaldsskólinn hefur tekið yfir gamla gagnfræðaskólann, iðnskólann og menntaskólann og líka alla þá nemendur sem áður hefðu ekki farið í neina skóla.

Kynningarnefnd Félags framhaldsskólakennara ýtti úr vör metnaðarfullu átaki í byrjun árs. Það felst í tveimur nýjungum á heimasíðu félagsins; Kennara mánaðarins, sem er stutt myndskreið og sýnir kennara að störfum, og Vikupóstinum, pistli sem félagsmenn skrifa.

Efni Vikupóstanna er margbreytilegt, eins og sést á glefsunum hér til hliðar sem allar eru sóttar þangað. Greinilegt er að fagmálin eru höfundum hugleikin en kjaramálin eru líka tekin föstum tókum. Kynningarnefndin leitaði hófanna hjá þeim sem hún taldi líklega til að ríða á vaðið en nú eru félagsmenn farnir að taka við sér og senda inn greinar að eigin frumkvæði.

SKÓLAMÁLAUMRÆÐU VANTAR SÁRLEGA Í FJÖLMIÐLUM

Vikupósturinn hefur vakið verðskuldaða athygli og er pistlunum víða deilt gegnum samskiptasíður eins og Facebook, þar sem sést að fjölmargir lesa þá. Dæmi eru líka um að óskað hafi verið eftir að fá að birta þá í öðrum vefmiðlum. Þeir sem áhuga hafa á að skrifa Vikupóst eru hvattir til að taka þátt í átakinu og senda greinar til Önnu Maríu Gunnarsdóttur anna@ki.is eða Elnu Katrínar Jónsdóttur elna@ki.is. Viðmiðunar lengd pistlanna er um 500 orð eða ein blaðsíða. Hér gefst tækifæri til að hrinda af stað og taka þátt í skólamálaumræðu sem sárlega vantar í íslenska fjölmiðla.

INNLEGG Í BARÁTTU FYRIR BÆTTUM KJÖRUM

Kennari mánaðarins er myndskreið þar sem kvikmyndalinsunni er beint að kennara í daglegu starfi. Fyrst til að taka að sér það hlutverk voru Ásta Pálmadóttir, stærðfræðikennari í Flensborgarskóla, Þórður Kristinsson, félagsfræðakennari í Kvinnaskólanum, og Ágústa Jóhannsdóttir, kennari á sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Þau lýsa starfi sínu og daglegum úrlausnarefnum, auk þess sem samstarfsmenn og nemendur eru teknir tali. Myndskeiðin gætu reynst gott innlegg í baráttu kennara fyrir bættum kjörum.

Nemendur á upplýsinga- og fjölmiðla-tæknibraut í Flensborgarskólanum taka myndskreiðin upp undir stjórn kennara síns, Halldórs Árna Sveinssonar, en upptökurnar eru liður í námi þeirra.


Kynningarnefnd Félags framhaldsskólakennara skipa: Anna María Gunnarsdóttir, Ármann Halldórsson, Elna Katrín Jónsdóttir og Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

Texti: Guðlaug Guðmundsdóttir.
Mynd: Halldór Árni Sveinsson.

skólamál skólamál



Ágústa Jóhannsdóttir, kennari á sjúkraliðabraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti.



COMENIUS

FYRIR LEIK-, GRUNN- OG
FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ

STYRKIR

til skólaverkefna á leik-, grunn-,
og framhaldsskólastigi.

Kynntu þér málið á www.comenius.is



Menntaáætlun
Evrópusambandsins



Myndin af Tindastól

Hvað er skóli? - Stundum hugsa ég til minnar eigin skólagöngu og nota dæmi frá henni í kennslu. Ég segi t.d. frá myndinni af Tindastól sem hékk inni í kennslustofunni í barnaskólanum á Sauðárkróki. Á hana voru festir ótal litlir tituprjónar, hver þeirra merktur barni. Eftir lestrarpróf vikunnar var svo heilmikil athöfn þegar prjónarnir í hlíðum Tindastóls voru hækkaðir. Toppurinn var 200 atkvæði á mínútu. Sum barnanna komust aldrei upp í miðjar hlíðar á meðan önnur flugu á toppinn. Ég var eitt þeirra barna sem vildi komast á toppinn sem fyrst og var með þeim fyrstu sem þangað fóru. Mér fannst þetta stórkostlega skemmtilegt og hlakkaði til lestrarprófanna. Ég skildi ekki þá að sum börnin í bekknum mínum kviðu þessari stund meira en nokkru öðru, því það var á þessari stundu sem þau voru opinberuð fyrir framan bekkinn sem skussar og tossar. Ég skildi það ekki þá að þessi vikulega stund fyrir framan Tindastól markaði viðhorf þeirra til sjálfs sín, til skóla og menntunar og að þarna var markvisst verið að brjóta niður litlar sálir og auka hjá þeim vanmetakennd og draga úr trú þeirra á eigin getu. Mér sem fannst þetta svo skemmtilegt. Kannski skildi

ég þau þegar kom að skriftinni, því þá fékk ég nefnilega alltaf bara hálfa litla stjörnu en aldrei stóra margarma, hvað sem ég reyndi, en að þeirri niðurlægingu minni voru þó ekki aðrir vitni en ég og kennarinn.

Skólinn mótar viðhorf barna, ekki bara til umheimsins, heldur ekki síður til sjálfra sín. Hann hefur áhrif og þeir sem starfa í skólum bera mikla ábyrgð. Þegar ég var í barnaskólanum á Sauðárkróki er ég viss um að samkvæmt námskrá var verið að kenna lestur – en þó var í raun allt annað upp á teningnum. Það var verið að kenna okkur um gildi samkeppni, um mikilvægi sýnilegs ávinnings og um einstaklingshyggju – og svo má velta fyrir sér hvort einelti hafi átt rætur sínar þarna.

Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa gengið í marga skóla. Fjóra barnaskóla og tvo framhaldsskóla og mér tókst líka að fá að stinga nefinu inn í sumarleiksskóla þess tíma. - Hvað er það sem stendur upp úr þegar ég lít

til baka og minnst skólagöngunnar? Í öllum þessum skólum eru það tímar sem snéru að skapandi greinum sem fallegu herbergin í höll minninganna eru byggð úr. Myndlistarkennsla í Breiðholtsskóla þar sem við unnum út frá minningum, þjóðsögum og ævintýrum í tímum hjá Jens Kristleifssyni. Í Digranesskóla settum við upp leikrit um þjóðfundinn, í Réttarholtsskóla lögðum við stund á teikningu, smíðar, leir- og leiklist. Ég byrjaði í MS, en hið venjulega menntaskólanám átti ekki við mig svo ég skipti yfir í FB. Það besta við hann var áfangakerfið og að hafa möguleika á að setja saman sitt eigið nám. Ég valdi mér braut sem bauð upp á mikið val og þar valdi ég flesta myndlistaráfanga, en líka heimspeki og stjórnufræði. En það voru fleiri utanáðkomandi aðilar sem komu að uppeldi mínu. Frá því að heimur bókanna opnaðist fyrir mér sótti ég bókasöfn



Kristín Dýrfjörð, handhafi Orðsporsins 2013.

Í öllum þessum skólum eru það tímar sem snéru að skapandi greinum sem fallegu herbergin í höll minninganna eru byggð úr.

stíft, fyrst á Króknum, svo bókaþíllinn í Blesugróf og safnið í Bústaðakirkju, þar sem ég las ekki bara heldur tefldi líka og kynntist bestu vinkonu minni. Ég var í ballett hjá Eddu, danskennslu hjá Heiðari og myndlist í Myndlistar- og handíðaskólanum þar sem Jón Reykdal kenndi mér. Hann sendi okkur út með teiknibretti, opnaði augu okkar fyrir grafík og óhefðbundnum efniviði. Ég sótti líka tíma í leiklist og lærði innhverfa íhugun. Allt áður en ég varð sextán ára.

Þegar ég lít til baka þá þakka ég fyrir öll tækifærin sem ég fékk til að prófa mig áfram og finna mína hillu. En það sem

stendur upp úr er að ég var sjálf áhrifa-valdur. Ég fékk tækifæri til að móta lagið á hillunni minni og ákveða hvar og hvernig ég vildi setja hana upp og hvað væri á henni. Auðvitað lærði ég ósköpin öll sem ég bý enn að í öðrum greinum, bæði gott og vont, og ekki allt samkvæmt opinberum tilmælum.

Mest af öllu lærði ég þó um gildi þess að vera tekin alvarlega og að fá að þróa mig og hugðarefni mín áfram. Viðhorf sem ég hef reynt að lifa samkvæmt í mínu starfi með bæði leikskólabörnum og háskólanemum.

Texti: Kristín Dýrfjörð.
Mynd: Jón Svavarsson.

KROSSGÁTA SKÓLAVÖRÐUNNAR

Sendið lausnina ásamt nafni og heimilisfangi til Skólavörðunnar, Kennarahúsinu, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík fyrir 31. maí.


BÓKAVERÐLAUN ERU Í BODI!

LÁRÉTT

2. Grískur heimspekingur sem sagði að ekki væri hægt að stíga í sömu ána tvisvar. (10)
6. Haf sem borgin Jalta stendur við. (9)
9. Fjórða stærsta eyja Danmerkur. (6)
10. Það sem Artúr konungur leitaði að. (4)
11. Að útiloka frá altarisgöngu. (8)
12. 1.133 rúmmetrarnir. (9)
13. Annað heiti mislinga. (8)
15. Breskur smápeningur. (5)
17. Að vera _____, er að fylgja trúarbrögðum Vedamenningar. (11)
20. Borg sem var í umsátri í 872 daga. (9)
21. Einföld hús byggð í þriðja heiminum. (9)
24. Það þegar spenna í taugafrumu fer niður fyrir hvíldarspennu. (9)
25. Land í Afríku, fyrrverandi frönsk nýlenda. Höfuðborgin er Bamakó. (4)
26. Áströlsk borg við Tímorhaf. (6)
27. Borg í Uttar Pradesh héraði þar sem eitt fegursta minnismerki heims er. (4)
29. Stórt ríkjasamband þar sem maður æðri konungi ríkir yfir. (11)
31. Sá sem vinnur með loðfeldi. (9)
32. Fyrsta nafni höfundar múmínálfanna. (4)
33. Latína yfir lamb Guðs. (5,3)
35. Þekkt kvæði fjallar um afdrif Gunnars og Högna _____. (8)
36. Trúarbrögð þar sem eru fleiri en einn guð. (12)
38. Höfði sem Bartólómeu Dias kom fyrstur Evrópubúa á. (16)


LÓÐRÉTT

1. Fyrsta nafn barnabókarhöfundar úr Strandasýslu. (6)
2. Guð sem var mikið dýrkaður á Ródos. (6)
3. Fyrsta nafn höfundar Bláa hnattarins. (5)
4. Annað nafn John Clayton. (6)
5. Útflutningsvara sem send var í tunnum úr landi. (8)
6. Fylgismaður manns sem kenndi sig við stál. (10)
7. Blanda af ammóníumbíkarbónati og ammóníumkarbínati. (11)
8. Germanskt tungumál sem kallast Vlaams á því máli. (7)
14. Tónverk (ft.) fyrir hljómsveit, kór og einsöngvara. (9)
16. Stærsta fruma mannslíkamans. (8)
18. Kvæði sem einkennist af einu eða fleiru stafi sem endurtekið er með jöfnu millibili. (5)
19. Land hinnar _____ sólar. (7)
20. Friðlandið í Stafafellsfjöllum. (9)
22. Sætu- og bragðefni notað í bakstur. (12)
23. Klæði til skreytingar á (altari) (þf.) (10)
25. Orð notað yfir "ráðalaus" í þekktum jólasálm. (8)
28. Plantan sem notuð er til skreytinga á hátíð. (9)
29. Höfuðborg Nepal. (8)
30. Helstu starfsmenn balletts. (8)
33. Sonur Seifs sem á síðari tímum rann saman við 2. lóðrétt. (6)
34. Kona Þórs (ef.) (6)
37. Frönsk borg sem Klaus Barbie er oft kenndur við. (4)



LAUSN KROSSGÁTU Í 2. TBL. SKÓLAVÖRÐUNNAR 2012.
Dregið var úr réttum lausnum á krossgátu síðasta tölublaðs og upp kom nafn Gretu Kristinar Hilmarsdóttur. Hún hlaut í verðlaun bókina Eitt þúsund tungumál eftir Peter K. Austin í þýðingu Baldurs Ragnarssonar. Bókaútgáfan Opna gaf bókina. Gretu Kristínu er óskað til hamingju og þakkað fyrir þátttökuna.





LÆRUM og LEIKUM

með hljóðin



HLJÓÐALESTIN

**Skemmtilegar
æfingar og leikir
í framburði og
hljóðkerfisvitund
til að æfa heima
og í skólanum**

Allt sem af vandvirkni er gert til að veita gleði og leik inn í lestrarkennsluna er af hinu góða. Hér hefur verið gefið ríkulega á garðann.

Herdís Egilsdóttir rithöfundur og kennari

Án efa besta efnið til að æfa algeng hljóðavíxl hjá börnum
Íris Andrea Ingimundardóttir foreldri

Frábært efni fyrir áhugasama foreldra sem vilja gefa börnum sínum forskot á lestrarnámið
Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona og foreldri

Hljóðalestin hittir í mark. Frábært kennslufni sem eflir orðaforða, hljóðkerfi, framburð og stuðlar að auknum lesskilningi. Þetta eru allt þættir sem rannsóknir sýna að skipta miklu máli fyrir öll börn til að styrkja undirstöðuþætti fyrir lestur, stafsetningu og lesfimi.

Málörvunarefni sem ég mæli hiklaust með.

Ásthildur Bj. Snorradóttir
talmeinafræðingur

Af mörgum kostum Hljóðalestarinnar er efnið frábært til að vinna með í rími, hljóðgreiningu og stafainnlögn
Kristbjörg Bjarnadóttir og **Unnur Svava Sverrisdóttir**
Kennarar í fyrsta bekk grunnskóla

Lærum og leikum með hljóðin er vandað og metnaðarfullt efni fyrir foreldra sem vilja ná árangri með börnum sínum í tal- og málþroska
Anna Björnsdóttir sálfræðingur og foreldri


Í Hljóðalestinni eru frábær verkefni sem í senn æfa orðaforða og undirbúning fyrir lestur. Bók sem á erindi inn á hvert heimili.

Anna María Gunnarsdóttir talmeinafræðingur



Myndir **Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur** og **Búa Kristjánssonar** eru lifandi og skemmtilegar og höfða til breiðs aldurshóps

Höfundur:
Bryndís Guðmundsdóttir
Talmeinafræðingur



Upplýsingar og pantanir:
laerumogleikum@gmail.com,
www.laerumogleikum.is og á **facebook**



ÞEKKIR ÞÚ LÍFEYRISRÉTT ÞINN?

Velkomin til okkar að Engjateigi 11, við tökum vel á móti þér.

Hefur þú skoðað vefsíðu LSR?

Þar getur þú sótt upplýsingar með rafrænum hætti.



Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is